ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 14. október 1998 • 41. tbl. • 15. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Þórir Örn Guðmundsson og Ólafur Helgi Kjartansson fulltrúar í nefnd um málefni Skrúðs, Sæmundur Þorvaldsson frá Skógræktarfélagi Dýrafjarðar, Sigurður Helgason frá menntamálaráðuneytinu, Gunnar Bæringsson fulltrúi Ísafjarðarbæjar í framkvæmdasjóði Skrúðs og Auðbjörg Halla Knútsdóttir umsjónarmaður Skrúðs.

Framtíð Skrúðs tryggð með fjársöfnun

Heimildarmynd um Skrúð í undirbúningi

Nú er að hefjast fjársöfnun til þess að tryggja framtíð garðsins Skrúðs að Núpi í Dýrafirði. Fyrir um fimm árum komu nokkrir áhugamenn og velunnarar garðsins því til leiðar, að hafist var handa um að færa hann í sem næst upprunalegt horf. Framkvæmdanefnd sem sett var á laggirnar skilaði garðinum síðan í hendur eigenda í ágúst 1996 að loknu uppbyggingarstarfi.

Í framhaldi af því var ákveðið að stofna Framkvæmdasjóð Skrúðs, með stjórn sem undirbýr fjársöfnun. Leitað verður til Vestfirðinga og allra þeirra sem voru á Núpi og fundist hefur hvar eru niður komnir. Fyrirhugað er að senda Vestfirðingum og Núpverjum gíróseðil, sem gefur kost á frjálsum framlögum til sjóðsins. Miðvikudaginn 11. nóvember gengst söfnunarnefndin fyrir kvöldvöku í Súlnasalnum á Hótel Sögu og verður þar létt dagskrá tengd Skrúði og Núpi. Þá er í undirbúningi gerð heimildamyndar um Skrúð.

Núpsskóli starfaði frá 1906 til 1992 og var hann ávöxtur ævistarfs bræðranna, sr. Sigtryggs og Kristins Guðlaugssona á Núpi. Skólinn var ávöxtur trúarinnar á landið og hugsjóna aldamótakynslóðarinnar. Þar óx Skrúður, ein af perlum íslenskra skrúðgarða og með sínum hætti nafngjafi og samnefnari þeirra allra.

Hjónin kynntust á Hótel Sögu

-sjá viðtal við matreiðslumeistarana Guðlaugu, Karl og Snorra á bls. 6.

Kallarnir á höfninni

– sjá viðtal við hafnarstarfsmennina á Ísafirði á bls. 4.

Ný sending frá 4 YOU Rúllukragapeysur í miklu úrvali

Flottar, ódýrar flíspeysur á kr. 3.990.-

JÓN og GUNNA

Ljóninu • Skeiði • Sími 456 3464

SOKKAR OG SOKKABUXUR Í MIKLU ÚRVALI

LEGGUR OG SKEL fataverslun barnanna

Ljóninu • Skeiði • Sími 456 4070

Bæjarins besta

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564
Netfang prentsmiðju:
hprent@snerpa.is
Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamaður:
Hlynur Þór Magnússon
Netfang ritstjórnar:
bb@snerpa.is

Bæjarins besta er í samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

LEIÐARI

Víða er pottur brotinn

Magnús Jónsson, veðurstofustjóri, vakti athygli á því á Alþingi fyrir sjö árum, er hann sat þar um stund, að fjölmörg dæmi væru um það, að togarar hafi haldið út á veiðisvæðin í kringum Ísland, þar sem hraun er í botni, og togað svo sólarhringum skipti með járnadraslinu einu saman, toghlerum og bobbingum, í því skyni að slétta botninn. Með þessu, sagði Magnús, voru gerðar fáheyrðar landslagsbreytingar á hafsbotni til þess eins að togararnir fengju betri aðstöðu til að skrapa upp allt líf sem á botninum hrærðist. BB varpaði fram spurningum um málið í leiðara í apríl 1992 og sagði: Líf Vestfirðinga snýst um fisk. Þeir hljóta að krefjast svara.

Viðbrögð íslenskra stjórnvalda, útgerðarmanna og sjómanna voru ein og söm. Þeir kusu að láta sem ekkert væri, þeim kæmi þetta ekki við. Á s.l. ári samþykkti Alþingi loks tillögu Hjörleifs Guttormssonar um að rannsaka skyldi áhrif einstakra veiðarfæra á lífríki sjávar. Þar við situr.

Frétt ríkissjónvarpsins s.l. sunnudag um spellvirki norska togaraflotans á kóralrifjum úti fyrir ströndum Noregs og myndefnið, sem fylgdi, hefur vakið mikla athygli og greinilega komið við marga. Málið kom strax til umræðu á Alþingi Íslendinga. Þá kom í ljós að ekki fylgdi meiri hugur samþykkt tillögu Hjörleifs en svo, að ekki er gert ráð fyrir fjárveitingum til verksins á fjárlögum.

Greinilegt er að norskir fiskifræðingar og stjórnvöld þar í landi sváfu á sínu græna eyra meðan togararnir möluðu niður kóralrifin. Það voru fiskimenn sem vöktu athygli á því hvernig komið væri. Fiskurinn var horfinn af veiðisvæðunum.

Orð fyrrum skipstjóra í viðtali við ríkissjónvarpið, þegar hann var spurður hvort hann hefði veitt á kóralsvæðum við Íslandsstrendur, segja alla söguna: Menn eru á sjó til að fiska.

Skjótfenginn gróði hefur verið mottóið í fiskveiðum okkar Íslendinga. Moka upp fiski. Og til þess skyldi ekkert sparað í skipum og búnaði. Öll veiðarfæri jafn góð og gild. Umgengni og virðing fyrir lífríki hafsins voru óþekkt hugtök.

Tilvitnaðri sjónvarpsfrétt fylgdi að norsk stjórnvöld íhuguðu nú að loka ýmsum veiðisvæðum fyrir botnvörpu. Þeim er greinilega brugðið.

Það er þyngra en tárum taki, að á sama tíma og þessi alvarlega umræða er uppi skuli það vera stefna íslenskra stjórnvalda að útrýma vistvænustu veiðiaðferðinni sem þekkist, krókaveiðum.

Af þeirri staðreynd er vert að draga lærdóm.

-s.h.

ORÐ VIKUNNAR

Bómull

Á íslensku er ýmist talað um *baðmull* eða *bómull*. Fyrri myndin er forn í málinu en hin seinni gripin miklu síðar blóðhrá úr dönsku – *bomuld*. Á þýsku heitir baðmullin *Baumwolle*, en það orð er sett saman úr orðunum *Baum* (tré) og *Wolle* (ull). Baumwolle merkir einfaldlega „trjáull“. Og Danir tala ekki aðeins um bomuld, heldur einnig træuld.

Íslenska orðið *baðmur* í fornu máli merkir tré og kemur m.a. fyrir í Völuspá. Það er í rauninni sama orðið og Baum á þýsku. Orðið baðmur er nú útdautt eitt og sér í íslensku en lifir góðu lífi í þýsku. Baðmull eða bómull merkir því „trjáull“, rétt eins og bomuld, træuld og Baumwolle – ull sem kemur úr jurtaríkinu en ekki dýraríkinu.

ÍSAFJARÐARBÆR

Opnunartímar á skrifstofum Ísafjarðarbæjar og viðtalstímar embættismanna Ísafjarðarbæjar

Skrifstofan á Ísafirði: Opin alla virka daga frá kl. 10:00-15:00. Svarað er í síma á skiptiborði frá kl. 08:00-16:00. Tæknideild á Ísafirði: Opin alla virka daga frá kl. 10:00-12:00. Skrifstofan á Suðureyri: Opin alla virka daga frá kl. 13:00-15:00. Skrifstofan á Þingeyri: Opin alla virka daga frá kl. 10:00-12:00 og 13:00-15:00.

Viðtalstímar embættismanna

Vt. = Viðtalstímar ***St. = Símatímar***

Ísafjörður: 456 3722, Suðureyri: 456 6122, Flateyri: 456 7665, Þingeyri: 456 8161

HALLDÓR HALLDÓRSSON, BÆJARSTJÓRI

	Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.
Ísafjörður Vt. St.	10:00-12:00		10:00-12:00		10:00-12:00
Suðureyri Vt.		12:00-14:30 *(1.þri.hv.mán.)*			
Flateyri Vt.		12:00-14:30 *(2.þri.hv.mán.)*			
Þingeyri Vt.		12:00-14:30 *(3.þri.hv.mán.)*			

ÁRMANN JÓHANNESSON, BÆJARVERKFRÆÐINGUR

	Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.
Ísafjörður Vt. St.	10:00-12:00	10.00-12:00	10:00-12:00	10:00-12:00	10:00-12:00
Suðureyri Vt.		13:00-14:30 *(3.þri.hv.mán.)*			
Flateyri Vt.		13:00-14:30 *(4.þri.hv.mán.)*			
Þingeyri Vt.		13:00-14:30 *(1.þri.hv.mán.)*			

RÓSA B. ÞORSTEINSDÓTTIR, SKÓLA- OG MENNINGARFULLTRÚI

	Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.
Ísafjörður Vt. St.	10:00-13:00				
Suðureyri Vt. St.			12:00-13:30 *(4.mið.hv.mán.)*		
Flateyri Vt. St.		10:00-12:00		10:00-12:00	10:00-12:00
Þingeyri Vt. St.			12:00-13:30 *(2.mið.hv.mán.)*		

JÓN A. TYNES, FÉLAGSMÁLASTJÓRI

	Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.
Ísafjörður Vt. St.	10:00-12:00	10:00-12:00	10:00-12:00	10:00-12:00	10:00-12:00

Önnur viðtöl samkvæmt samkomulagi um tíma og staðsetningu. **Félagsþjónustufulltrúi** veitir upplýsingar um húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð, niðurgreiðslur leikskólagjalda o.þ.h. í síma 456 8161 frá kl. 09:00-12:00 og 13:00-15:00.

Grunnskólinn á Ísafirði

Ungir forritarar gera kennurum lífið léttara

Fjórir piltar sem eru á lokasprettinum í Grunnskólanum á Ísafirði hafa búið til forrit fyrir æfingar og próf í ritvinnslu (sem í eina tíð nefndist vélritun). Kennarinn setur inn æfingar, forritið sækir þær fyrir nemandann og fylgist síðan jafnóðum með því hvort rétt sé slegið inn. Ef gerð er villa, þá pípir tölvan umsvifalaust, skjárinn verður rauður (og reiðilegur) og ekki er hægt að slá meira inn fyrr en búið er að fara til baka og leiðrétta.

Um leið og nemandinn er búinn með æfinguna birtir forritið einkunn og þar kemur jafnframt fram fjöldi slaga á mínútu og villufjöldi. Að sjálfsögðu prentast einnig niðurstöðurnar út ef óskað er. Kennarinn þarf þess vegna ekki að taka tímann og sitja sveittur við að fara yfir æfingarnar og telja villurnar.

Þessir ungu og efnilegu forritarar heita (í stafrófsröð) Birgir Þór Halldórsson, Friðþjófur Þorsteinsson, Gylfi Ólafsson og Magni Hreinn Jónsson.

Forritið er gert fyrir Windows 95. Til eru eldri DOS-forrit til þjálfunar í innslætti, einkum til að æfa fingrasetningu, en nýjungin er útreikningurinn á einkunnum og sundurliðun á forsendum þeirra.

– Eruð þið það sem á sérlega vondu máli kallast tölvufrík?

„Jaaá“, segja strákarnir og líta hver á annan, og neita ekki þegar hart er eftir því gengið, að þeir séu einhver helstu tölvusénníin í skólanum.

– Hvað varð til þess að

Hár og Hitt

Pollgötu 4, Ísafirði, sími 456 5191

Dagana 14. - 27. október verður veittur 10% afsláttur af öllum vörum verslunarinnar s.s. töskum, sjampó, hárskrauti, spennum, spöngum, hálsmenum, kertum, hármöskurum, ilmvötnum og fleiru.
Verslunin er opin alla virka daga frá kl. 13-18.

MUNIÐ!
10% afsláttur
í tvær vikur

Vegna leyfis verð ég ekki við dagana 19. október til 27. október.

Guðbjörg Hannesdóttir.

MARBERT KYNNING

MARGRÉT BÁRA MAGNÚSDÓTTIR SNYRTIFRÆÐINGUR VEITIR FAGLEGA RÁÐGJÖF UM KREMIN FRÁ MARBERT OG KYNNIR NÝJU VETRARLITINA Á FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG.

10% KYNNINGARAFSLÁTTUR.

KAUPAUKAR

KRISMA
Ljóninu Skeiði
☎ 4414

Skjámyndir af Ritþjálfanum, forritinu sem piltarnir fjórir hafa búið til fyrir æfingar og próf í ritvinnslu.

Birgir Þór Halldórsson, Magni Hreinn Jónsson, Friðþjófur Þorsteinsson og Gylfi Ólafsson.

þið réðust í þetta verkefni?

„Mig minnir að það höfum verið við Biggi sem fórum og spurðum kennarana hvort þá vantaði ekki almennilegt forrit“, segir Friðþjófur. „Okkur grunaði að svo væri.“

– Eruð þið hakkarar? Eruð þið nokkuð að fara inn í kerfin hjá bandaríska varnarmálaráðuneytinu eða því um líkt?

„Nei, alls ekki, nema hvað við hökkum forritin hver hjá öðrum.“

– Þið hafið væntanlega gaman af tölvum. Mér sýnist að ykkur finnist þetta ekki neitt leiðinlegt umræðuefni...

„Alveg ofsalega gaman!“

– Er þess að vænta, að þetta forrit ykkar sé upphafið að einhverju stærra og meira í þeirri grein í framtíðinni?

„Alveg tvímælalaust.“

– Eitthvað sérstakt í huga?

„Við ætlum að byrja á því að þróa þetta forrit aðeins betur og bæta við það möguleikum.“

– Draumurinn að fara að vinna hjá Oz eða einhverju slíku fyrirtæki?

„Öllu frekar að stofna sjálfir fyrirtæki.“

– Nú eruð þið hér fjórir strákar en engin stelpa. Eru þær minna í þessu en strákar?

„Já, ætli það sé ekki eins og með stelpur og bíla. Þær virðast haldnar einhverri fælni gagnvart tækninni.“

Tölvufyrirtækið Snerpa á Ísafirði annast dreifingu á forriti ísfirsku piltanna og sér um að selja það hvert á land sem er.

STUTTAR FRÉTTIR

Átta Grænlendingar til starfa

Átta ungir Grænlendingar frá Nanortalik, vinabæ Ísafjarðarbæjar, eru komnir til starfa við fiskvinnslu í Ísafjarðarbæ.

Fyrir nokkrum vikum komu forsvarsmenn Nanortalikbæjar í heimsókn og varð þá að samkomulagi, að Ísfirðingar útveguðu nokkrum Grænlendingum frá Nanortalik vinnu. Tveir eru þegar byrjaðir störf í Hnífsdal, tveir á Suðureyri og tveir á Flateyri, en tveir voru væntanlegir í gær.

Hér er um tilraunaverkefni að ræða og ekki ákveðið hversu lengi fólkið verður hér, en væntanlega til vors að minnsta kosti. Hér er ekki um fjölskyldufólk að ræða, heldur einhleypt ungt fólk sem búa mun í verbúðum.

Ný vinnslulína sett í Pál Pálsson

Hafin er vinna við viðamiklar breytingar á togaranum Páli Pálssyni ÍS-102, sem Hraðfrystihúsið hf. gerir út.

Sett verður ný vinnslulína í skipið en hún samanstendur af nýjum fiskþvottabúnaði, stærðarflokkara og ískrapavél. Með hinni nýju vinnslulínu ráðgerir útgerð skipsins að skapa nýja ímynd á togarafiski.

Vinnslulínan er hönnuð af starfsmönnum fyrirtækisins en auk þess koma fyrirtækin 3X-Stál ehf., Póls hf. og Skipasmíðastöðin að breytingunum.

Reiknað er með að breytingunum verði lokið undir lok þessarar viku.

Kallarnir á *höfninni* heimsóttir

Gagnvart Þjóðverjunum er það einkennisbúningurinn en ekki maðurinn sem talar

Þeir eru kátir og hressir og kraftmiklir, starfsmennirnir hjá Ísafjarðarhöfn. Þar eru þrír hafnarverðir í fullu starfi auk hafnarstjórans, Hermanns Skúlasonar, og allir fjórir eru þeir reyndir „kallar“, þ.e. skipstjórar, þó að einn hafi að vísu einungis verið kapteinn á eigin hraðfiskibáti. Það er Úlfar Snæfjörð Ágústsson (Úlfar í Hamraborg) sem er nýbyrjaður hjá höfninni – „ég er bara lærlingur hér og á eftir að fara á nokkur námskeið“, segir hann. „Að vísu mun ég aldrei komast jafnhátt og hinir, því að ég hef bara pungapróf, en hinir hafa réttindi á hvaða skip sem er. En af því að ég er aðeins með pungaprófið er ég bara skipstjóri á lóðsbátnum.“

Hinir þrír voru áður skipstjórar á verklegri farkostum og hafa full réttindi sem hafnsögumenn. Theódór R. Theódórsson hefur lengstan starfsaldur hjá Ísafjarðarhöfn þessara manna, eða á sjöunda ár, en Gunnlaugur Gunnlaugsson er á fjórða árinu þar. Auk þeirra getur Hermann hafnarstjóri hlaupið í starf hafnsögumanns ef þörf krefur. Hermann Skúlason hefur gegnt starfi hafnarstjóra á Ísafirði bráðum sex ár og eftir sameiningu sveitarfélaganna á norðanverðum Vestfjörðum er hann hafnarstjóri yfir öllum fjórum höfnunum í Ísafjarðarbæ hinum nýja. Sérstakir starfsmenn eru við hafnirnar á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri, jafnframt því sem þeir eru í öðrum störfum hjá bæjarfélaginu, hver á sínum stað. Hermann lýsir verksviði hafnarstarfsmanna svo í einni málsgrein: „Við erum hér til þess að þjónusta viðskiptavini hafnarinnar og reynum að gera það eftir bestu getu, og reynum jafnframt að halda hafnarsvæðinu sem snyrtilegustu.“

Best að Hjalti sjái um að sleppa

Auk þeirra fjögurra manna við höfnina á Ísafirði sem hér hafa verið nafngreindir er einn enn í hlutastarfi, Hjalti Þórarinsson. Framlag hans er mikilvægt við komur og brottfarir skipa, einkum þegar fiskiskip láta úr höfn, því að hætta er á því að lítið fiskist ef það er ekki Hjalti sem sér um að sleppa endunum.

Húsakynni hafnarstarfsmanna í Hafnarhúsinu á Ísafirði bera vitni um mikla snyrti-

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI

456 3940 & 456 3244 • Fax: 456 4547 • Netfang: tryggvi@snerpa.is

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Fjarðarstræti 33: 176,5 m² einbýlishús á tveimur hæðum. **Góður garður. Ekkert áhvílandi. Verð kr. 8,500,000,-**
Góuholt 1: 142 m² einbýlishús í góðu standi á einni hæð **ásamt bílskúr. Áhv. ca. 5,8 millj. Verð kr. 11,600,000,-**
Góuholt 3: 140,7 m² einbýlishús á einni hæð **ásamt bílskúr. Áhv. ca. 2,7 millj. Verð kr. 12,000,000,-**
Hjallavegur 19: 242 m² einbýlishús á 2. hæðum ásamt innb. bílskúr. **Sér íbúð á n.h. Ymis skipti möguleg. Áhv. ca.5 millj.Verð kr. 11,500,000,-**
Hlíðarvegur 31: 130 m² einbýlishús á tveimur hæðum **ásamt bílskúr. Húsið er allt að mestu uppgert . Mjög gott útsýni. Verð kr. 10,700,000,-**
Hlíðarvegur 38: 183,2 m² raðhús á þremur hæðum. **Skipti á minni eign möguleg**. **Verð kr. 9,500,000,-**
Hlíðarvegur 43: 186 m² raðhús á þremur hæðum **ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Áhv. ca. 1.3 millj. Verð kr. 8,800,000,-**
Lyngholt 8: 138 m² einb.hús á einni hæð + 31 m² bílsk. **Nýtt parket, ný málað. Skipti möguleg. Áhv. ca. 5,5 millj. Verð kr. 10,800,000,-**
Seljalandsvegur 12: 145,1 m² einbýlishús á þremur hæðum ásamt **eignarlóð. Verð kr. 7,500,000,-**
Seljalandsvegur 48: 188 m² einbýlishús á tveimur hæðum **ásamt bílskúr. Áhv. ca. 700 þús. Verð kr. 12,700,000,-**
Seljalandsvegur 84a: 85 m² einbýlishús á einni hæð, **endurbyggt 1992. Verð kr. 6,200,000,-**
Tangagata 6a: 99.7 m² einbýlishús á tveimur hæðum. **Laust fljótlega. Öll tilboð skoðuð. Áhv. ca. 1,5 millj. Verð kr. 6,800,000,-**
Tangagata 15b: 103 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt uppgerðum geymsluskúr. **Laust fljótlega. Áhv. ca. 3,3 millj. Verð kr. 6,200,000,-**
Urðarvegur 13: 85 m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara. **Skipti á stærri eign möguleg. Áhv. ca. 3,2 millj. Verð kr. 5,500,000,**

4-6 herbergja íbúðir

Engjavegur 31: 92,1 m² 4ra herb. íbúð á n.h. í tvíb.húsi. **Mikið uppgerð, skipti á stærri eign möguleg. Áhv. ca. 2,2 millj. Verð kr. 5,500,000,-**
Fjarðarstræti 11: 131 m² 4ra herb. íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 3,8 millj. Verð kr. 6,800,000,-**
Fjarðarstræti 32: 112,7 m² 4ra herb. íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi **ásamt bílskúr Áhv. ca. 1,5 millj. Verð kr. 5,900,000,-**
Hjallavegur 8: 128,5 m² 4ra herb. íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 2.8 millj. Laus 1. janúar 1998**. **Verð kr. 6,900,000,-**
Hnífsdalsvegur 27: 182 m² glæsileg íbúð með parketi og harðv.innr. **Einnig** 415 m² iðnaðar- og viðg.húsnæði ásamt lagerhúsnæði. **Tilboð**
Pólgata 5a: 121 m² nýlega uppgerð 4ra herb. íbúð á n.h. í þríb.húsi ásamt **bílskúr og 1/2 kjallara. Íbúðin er laus strax. Verð kr. 6,300,000,-**
Sólgata 5: 102 m² 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum í norðurenda í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 3,5 millj. Verð kr. 5,000,000,-**
Sólgata 8: 101,7 m² 3-4ra herb. íbúð á e.h. í tvíbýlishúsi **ásamt helmingi kjallara og rislofts. Áhv. ca. 850 þús. Verð kr. 7,000,000,-**
Stórholt 9: 164,3 m² 6 herb. íbúð á 1.h.t.v.+kjallara m/sér inngangi. **Hægt að ganga í garð af svölum. Áhv. ca. 3,8 millj. Verð kr. 8,000,000,-**
Stórholt 13: 123 m² 4ra herb. íbúð á 3ju hæð í fjölbýli ásamt bílskúr, **Íbúðin er mikið uppgerð. Áhv. ca. 567 þús. Verð kr. 7,900,000,-**
Túngata 21: 77,8 m² 4ra herb. risíbúð á 3ju hæð í þríbýli. Inng. sameiginl. m/2. hæð. **Nýlega viðgert þak. Áhv. ca. 600 þús. Verð kr. 5,600,000,-**

Fagraholt 5:
140,6 m² einbýlishús á einni hæð í mjög góðu standi, ásamt **bílskúr. Áhv. ca. 4,7 millj. Verð kr. 11,500,000,-**

3ja herbergja íbúðir

Pólgata 6: 55 m² risíbúð í fjölbýlishúsi, **ásamt geymslu í kjallara. Mikið endurnýjuð. Góð kjör í boði. Verð kr. 3,900,000,-**
Sólgata 8: 80 m² íbúð í góðu standi á neðri hæð í fjölbýlishúsi. **Áhv. ca. 3 millj. Verð kr. 5,800,000,-**
Stórholt 7: 74,6 m² íbúð á þriðju hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi ásamt **sér geymslu. Áhv. ca. 2 millj. Verð kr. 5,300,000,-**
Stórholt 11: 80 m² íbúð í góðu standi á 3. hæð til hægri í fjölbýlishúsi **ásamt sér geymslu. Áhv. ca. 2,5 millj. Verð kr. 5,800,000,-**
Túngata 21: 84,9 m² íbúð á 1. hæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr. **Áhv. ca. 3,8 millj. Verð kr. 6,500,000,-**

2ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 20: 94 m² íbúð á 4. hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Áhv. ca. 1,7 millj. **Verð kr. 5,900,000,-**
Hlíf II, Torfnesi: 50,4 m² íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra. **Áhv. ca. 3,9 millj. Verð kr. 6,200,000,-**
Urðarvegur 78: 73,2 m² íbúð á 3. hæð í fjölb.húsi **ásamt sér geymslu. Íbúðin er laus strax. Öll tilboð skoðuð Áhv. ca. 2,7 millj. Verð kr. 5,000,000,-**

Atvinnuhúsnæði

Austurvegur 1: 103,4 m² skrifstofuhúsnæði á 3. hæð. **Fallegt útsýni. Laust fljótlega**. **Verð kr. 5,500,000,-**
Mjallargata 5: 200 m² verslunar húsnæði á neðri hæð, gistiheimili á efri hæð. **Áhvílandi 3 millj. Verð kr. 7,500,000,-**

Bolungarvík

Hafnargata 7: 70 m² þriggja herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi ásamt **helmingi kjallara. Áhv. ca. 700 þús. Tilboð.**

Súðavík

Holtagata 26: 86,9 m² parhús á einni hæð, byggt 1996. **Áhv. ca.3,5 millj. Verð kr. 5,500,000,-**

mennsku þeirra sem þar ganga um gáttir. Á veggjum er fjöldi mynda, ekki síst skipamynda eins og tilhlýðilegt má kallast á slíkum stað. Fyrir utan gluggann er hafnarvogin, en hún gegnir sífellt stærra hlutverki í starfi mannanna á höfninni.

Eiga sjö dagana sæla

„Starfssamningarnir hjá okkur eru nokkuð sérstakir“, segir Úlfar, „vegna þess að við erum ráðnir til þess að vinna ef þörf krefur í 21 sólarhring í beit, 24 tíma á dag, og getum ekki neitað vinnu á þeim tíma ef okkur er sagt að vinna. Síðan eigum við reyndar frí í sjö daga. Ég er nú ekki að segja að þetta hafi komið til, en svona er þetta sett upp. Og þeir sem eldri eru kannast við að hafa þurft að vinna jafnvel sólarhringum saman. En það geta verið dálitlar tarnir þegar mikið er af aðkomuskipum.“

Algengast er að starfsmenn við íslenskar hafnir séu sjómenn og skipstjórar sem komnir eru í land. „En núna hefur Reykjavíkurhöfn tekið upp á því furðulega tiltæki að ráða ekki menn sem eru eldri en fertugir“, segir Theódór, „og það er reyndar í stíl við önnur fyrirtæki. En við erum í hópi þeirra sjómanna sem eru svo heppnir að komast í svona vinnu þegar þeir fara í land, í staðinn fyrir að fara í frystihúsin eins og flestir lenda í. Sjómenn eru afar lítils metnir á Íslandi eftir að þeir eru komnir í land, þveröfugt við það sem er t.d. í Noregi. Það bíður yfirleitt íslenskra sjómanna og jafnvel skipstjóra sem hætta á sjónum að gerast stálarar í frystihúsum, ef þeir eru ekki svo heppnir að komast að við hafnirnar eins og við.“

Ellefu á og kokkurinn

Gunnlaugur byrjaði á sjó tólf ára gamall og var á sjó nærri 35 ár í beit. „Ég byrjaði sem aukamaður, fór svo á hálfan hlut og síðan heilan. Ég naut þess reyndar að faðir minn gerði út bát. Ég endaði sem skipstjóri, en á sjómannsferlinum er ég búinn að vera allt sem hægt er að vera á einum bát nema kokkur – og ætla mér aldrei að verða kokkur. Til sjós er alltaf sagt um fjöldann í áhöfn: Við erum þetta margir – og kokkurinn.“

Hermann: „Eins og á Páli Pálssyni í gamla daga – þeir voru átta – og svo kokkurinn og Júlli!“

Hlutverk hafnarvarðanna eru mörg. Þegar þeir eru í hlutverki hafnsögumanna er þeirra verk að lóðsa skipin inn, en skipstjórinn ber þó fulla ábyrgð á skipinu. Eins og menn vita er innsiglingin til Ísafjarðar þröng og vandfarin. „Það kemur fyrir að við verðum að stýra skipum hérna inn, því að það eru ekki allir skipstjórar sem þora að sigla hér inn rennuna.“

Algengt að skipin kasti mæðinni í Sundunum

– Ég þori varla að spyrja sjálfan hafnarstjórann: Er það rétt, Hermann, að þegar þú varst hér starfandi togaraskipstjóri hafir þú verið einn fjölmargra þátttakenda í óformlegri keppni um það hver gæti strandað næst flugbrautinni?

„Já, ég tók nú þátt í því.“

Theódór: „Það má segja að hreinlega allir ísfirsku skipstjórarnir séu búnir að stranda hér í Sundunum og yfirleitt oftar en einu sinni.“

Úlfar: „Ég man að þegar ég var fréttaritari Morgunblaðsins strönduðu eitt sinn þrjú skip í Sundunum sama daginn.“

En menn kippa sér nú ekki upp við svolitla viðdvöl í Sundunum, því að botninn er svo góður. Það skemmist ekkert og gerist ekkert og þarf bara að bíða eftir næsta flóði.

Mengunarvarnir

Ef mengunarslys verða í höfninni, olía fer í sjóinn eða því um líkt, þá kemur til kasta hafnarstarfsmanna og þeir hafa búnað til að takast á við slíkt. Hermann Skúlason er ekki aðeins hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar, heldur einnig formaður Svæðisráðs Vestfjarða um mengunarvarnir. Ef eitthvert mengunaróhapp verður t.d. á Bíldudal, þá kemur forystan í aðgerðunum frá Hermanni. „Hér á Ísafirði erum við annars vegar með 300 metra flotgirðingu í gámi hér á höfninni, og hins vegar er annar gámur við slökkvistöðina með dælubúnaði, ljósavél, göllum og öðru sem til þarf, og slökkviliðið hefur umsjón með þeim búnaði og er í samvinnu við okkur ef til kastanna kemur. Einnig er búnaður til reiðu á Hólmavík og á Patreksfirði.“

Strangt eftirlit á hafnarvogunum

Segja má að viktarstörfin séu orðin stærsta viðfangsefni hafnarvarðanna. Þeir skrá allan afla og sjá til þess að rétt sé að öllu staðið, því að Fiskistofa byggir alfarið á upplýsingum hafnanna. Lögin um þessa hluti eru afar ströng, eins og best kom fram í nýlegum dómi yfir útgerðarmanni og skipstjóra sem hirtu smávegis af humarúrkasti framhjá vikt og ætluðu að skipta milli áhafnarinnar til að éta. Það má hreinlega ekki taka sér í soðið. Sá sem heldur á tveimur ýsum framhjá vikt og ætlar að éta þær má eiga von á sekt.

Mikilvægi einkennisbúninga

– Ég hef séð þig, Gunnlaugur, í glæsilegum einkennisbúningi hafnsögumanns um borð í erlendu skemmtiferðaskipi...

„Það þýðir ekkert að fara í gallabuxum um borð í þessi skip og ætla sér að fara að gefa fyrirskipanir.“

Hermann: „Þegar skemmtiferðaskipið Evrópa kom hér síðast, þá þurfti ég að láta krítarkort sem tryggingu til að fá að fara um borð. Ég var að vísu merktur sem hafnarstjóri, en ekki í einkennisbúningi, og ég var meira að segja líka með umboðsmann skipafélagsins með mér, en það dugði ekki til.“

Gunnlaugur: „Einkennisbúningurinn skiptir öllu máli. Sérstaklega hjá Þjóðverjunum er það búningurinn sem talar en ekki maðurinn.“

Enn eitt af verkefnum hafnarvarðanna er að annast allan snjómokstur á hafnarsvæðinu. Það er heljarmikið verk, því að bara kantarnir einir eru um 1.100 metrar og verkinu þarf að vera lokið eldsnemma á morgnana þegar löndun hefst úr skipunum. Stundum þurfa þeir að vera í mokstri heilu næturnar.

„Sérfræðingur frá Íslandi“ í San Francisco

Það kemur e.t.v. einhverjum á óvart að Úlfar í Hamraborg skuli hafa talsverða reynslu sem sjómaður. „Ég byrjaði nú á sjó fjórtán ára, en ekki tólf ára eins og Gulli. Meðal annars var ég á sjó með pabba hans Hermanns. Síðan var ég annar vélstjóri í heila vertíð á línubátnum Má fyrir nærri fjörutíu árum. En síðast þegar ég var skráður skipverji var ég í þrjá daga starfandi kokkur á togara frá San Francisco árið 1988. Reyndar mátti ekki skrá mig sem kokk, þannig að ég var skráður sem „sérfræðingur frá Íslandi“. Ég fékk greidda 500 dollara fyrir „sérfræðiráðgjöf“ og útgerðarmaðurinn sem var Ísfirðingurinn Jón Grímsson fékk kvittun þar að lútandi í bókhaldið.“

Hafnarverðirnir undir konu settir

Já, reynsla „gömlu“ sjóaranna getur verið með ýmsum hætti. Við kveðjum hina vingjarnlegu og lundléttu hafnarverði á Ísafirði og á leiðinni út mætum við fyrrnefndum Hjalta Þórarinssyni ásamt formanni hafnarstjórnar í Ísafjarðarbæ. Það er athyglisvert og líklega fremur óvenjulegt að formaður á slíkum vettvangi skuli vera kona – Ragnheiður Hákonardóttir.

Kynning á vín-gerðarefnum í Eló

Áman í samstarfi við Eló Skeiði, efnir til kynningar á víngerðarefnum föstudaginn 16. október frá kl. 14:00-19:00. Sérfræðingur frá Ámunni verður á staðnum. Fjöldi góðra tilboða, bæði fyrir byrjendur og lengra komna.

Dæmi:

1. Byrjunarsett með öllu sem þarf til víngerðar á kr. 2.990.-

2. Kjallaratilboð fyrir þá sem langar til að geyma vín á lager. Tvær tegundir af rauðvíni og ein af hvítvíni, eðalsaft sem samanlagt gera 90 flöskur á kr. 12.900.-

3. Byrjunarsett og góð rauðvínslögn á kr. 7.990.-

Á línunni hjá Hlyni Þór

Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður Vestfirðinga

Vinstri, hægri...

Kristinn, þú hefur heldur betur verið í fréttunum undanfarið. Margir eru nú orðnir áttavilltir í pólitíkinni. Ekki er lengur ljóst hvað er vinstri og hvað hægri eða yfirleitt hvað snýr upp eða niður. Líklegt virtist að þú værir á leiðinni út úr Alþýðubandalaginu vinstra megin til Steingríms og félaga. Svo ertu orðaður við framboð hjá Framsókn og jafnvel fleiri flokkum. Hefurðu ef til vill alltaf verið Frammari inni við beinið?

Það má vel vera að í mér leynist lítill Framsóknarmaður. Ég minnist þess reyndar að ég sagði í viðtali í Vestfirska fréttablaðinu fyrir nokkrum árum, að ég væri líklega sjálfstæðismaður með litlu essi.

Er þess að vænta að „litli Framsóknarmaðurinn“ í þér verði stór með tímanum?

Það er of snemmt að spá neinu um framtíðina, nú sem endranær.

Getur þú upplýst hvað er vinstri og hvað er hægri í íslenskri pólitík?

Ég á bágt með að greina frá því í stuttu máli. Og ef ég gerði það í löngu máli, þá yrði líklega erfitt að skilja það. En það er ljóst að hugtökin hafa að miklu leyti breytt um merkingu. Hugtökin verður að nota í öðrum skilningi en áður.

Hefur þér e.t.v. verið boðið þriðja sætið hjá íhaldinu?

Mér hefur ekki verið boðið tiltekið sæti í neinum flokki og ég bíð enn eftir tilboði frá Kvennalistanum!

Hvað finnst þér um þingsályktunartillöguna um nýtt starfsheiti ráðherra? Á Rás 2 var leitað til ýmissa málhagra karla og kvenna og leitað álits og hugmynda. Séra Baldur í Vatnsfirði taldi gæfulegra að skipta frekar um ráðherra en nafngiftir á þeim en til vara lagði hann til að konur í ráðherrastóli skyldu nefndar „ráðskonur“. Þórarinn Eldjárn kvaðst ekki sjá vandamálið (fremur en nokkur annar sem rætt var við)...

Ég las nú þingmálið yfir, en ég skildi það ekki almennilega. Ég verð að játa það.

Stafirnir SKG í nafni SKG-veitinga á Ísafirði eru upphafsstafirnir í nöfnunum Snorri (Bogason), Karl (Ásgeirsson) og Guðlaug (Jónsdóttir). Þau eru öll matreiðslumeistarar en að fyrirtækinu stendur auk þeirra eiginkona Snorra, Agnes Ásgeirsdóttir. SKG-veitingar tóku á leigu allan veitingarekstur á Hótel Ísafirði frá síðustu mánaðamótum, eins og komið hefur fram í BB.

Hjónin kynntust á Hótel Sögu

– en ekki á dansleik, heldur í eldhúsinu

Þegar við litum inn í fremri veitingasalinn hjá þeim þegar vika var liðin frá því að þau tóku við var þar ennþá allt fullt af blómum sem þeim bárust. Guðlaug og Karl taka á móti okkur í tilheyrandi múnderingum en Snorri er á leiðinni. Fyrstu helgina auglýstu þau ákaflega freistandi matseðil sem hlaut góðar viðtökur, en hann á þó aðeins að vera forsmekkurinn að því sem koma skal.

– Hvernig ætli fyrsta vikan hafi verið, ef blómahafið er undanskilið?

„Hún var mjög góð, sérstaklega helgin. Þetta hefur farið ákaflega vel af stað og lofar góðu um framhaldið“, segir Karl. „Helst að okkur finnist að það vanti meira af fólki á kvöldin í miðri viku. Það er eins og fólk þurfi yfirleitt eitthvert sérstakt tilefni til að fara út að borða. En það er alveg óhætt að fara líka út að borða á kvöldin í miðri viku án sérstaks tilefnis. Verðið hjá okkur ætti ekki að setja neinn á hausinn.“

Þarf að stækka markaðinn

„Þegar fólk sér eitthvað nýtt og spennandi í boði, þá grípur það auðvitað tækifærið að fara þangað, – en svo er fullt af fólki sem fer aldrei út að borða“, segir Guðlaug. „Við þurfum að ná í eitthvað af þessu fólki og stækka markaðinn, í staðinn fyrir að veitingastaðirnir séu alltaf að taka sömu viðskiptavinina hver frá öðrum.“

Guðlaug hefur verið í hlutastarfi á hótelinu frá því í vor en Karl var þar einn mánuð fyrir mörgum árum þegar hann var að læra. Þau eru bæði Vestfirðingar en kynntust á Hótel Sögu í Reykjavík. Ekki samt á balli, eins og oft vill verða, heldur í eldhúsinu þegar þau voru þar bæði að læra. Guðlaug starfaði þar síðan í rúmlega ár, „en svo áttum við barn og þá varð hlé hjá mér í vinnunni“.

Heit súpa uppi á jöklum

Karl var hins vegar kokkur uppi í Grillinu á Sögu í fjögur ár eftir að hann lauk náminu. Síðan ráku þau hjónin Nesbúð á Nesjavöllum í eitt ár. „Þar vorum við með sjávarréttahlaðborðið fræga upp um fjöll og firnindi og jökla, aðallega fyrir útlendinga.“

– Væntanlega kalt borð, a.m.k. á jöklunum...

„Líka heita súpu. Uppi á jöklum þarf einmitt að hafa eitthvað heitt.“

Guðlaug er frá Melum í Hrútafirði – vel að merkja Vestfjarðamegin í Hrútafirði, eins og kunnugt er. Karl er hins vegar borinn og barnfæddur Hnífsdælingur í báðar ættir. Meðal jafnaldra og leikfélaga hans í æsku heima í Hnífsdal er Páll Halldór Halldórsson Íslandsmeistari í ralli (sbr. viðtal í síðasta blaði) og var mikið um bílaleik hjá þeim forðum daga en væntanlega öllu minna um eldamennsku.

Venjulegur heimilismatur vinsælastur heima

– Sagt er að bifvélavirkjar séu sjálfir alltaf á einhverjum ægilegum druslum. Borðið þið nokkurn tímann annað en kornflex og pylsur heima hjá ykkur?

Guðlaug: „Það er ósköp venjulegur heimilismatur sem er vinsælastur á okkar heimili. Reyndar við tökum okkur stundum til og gerum eitthvað skemmtilegt þegar við fáum gesti.“

– Þið eruð alltaf í eldamennsku í vinnunni – er ekki leiðinlegt að elda heima?

Guðlaug: „Mér finnst það allt í lagi.“

– Eruð þið uppáfinningasöm í matargerð – gerið þið mikið af því að prófa eða búa til eitthvað alveg nýtt til að bjóða fólki upp á? Einhver sérsvið?

Nýjar útfærslur, líka á matseðlunum sjálfum

Karl: „Maður breytir kannski útfærslum, en það er ekki sífellt hægt að vera að finna upp hjólið.“

– Þið búið til nýtt mynstur á dekkin...

Guðlaug: „Já, einmitt.“

Karl: „En við erum ekki aðeins með nýjar útfærslur á réttunum, heldur einnig á matseðlunum sjálfum og orðalaginu á þeim. Við viljum helst hafa allt á góðri íslensku...“

Guðlaug: „Og lýsa líka réttunum svolítið, þannig að þeir verði meira freistandi og forvitnilegir.“

Eins og gengur kemur jafnan eitthvað nýtt með nýju fólki, enda er það ekki síst tilbreytingin sem gefur lífinu gildi. „Á föstudögum í október verðum við með það sem við köllum „heilsuhádegi“, hlaðborð með heilsusamlegum réttum á vægu verði, margvísleg grænmetissalöt, grænmetisbökur og sérstaka grænmetisrétti, einnig ávexti og nýbakað brauð sem við bökum sjálf“, segir Karl. „Við bökum öll brauð sjálf og berum aldrei fram nema nýbökuð brauð. Um miðjan daginn erum við með sérstakan brauð- og kökuseðil. Þá erum við með mjög vel útilátið smurt brauð og góðar kökur, sem hægt er að ganga að vísu á hverjum degi. Við viljum endilega fá fólk til að prófa það. Guðlaug er alveg snillingur í því að smyrja brauð. Þú varst áðan að leita eftir einhverjum sérsviðum hjá okkur. Smurbrauðið er hennar sérsvið.“

Hvammar á Hótel Ísafirði

SKG-veitingar hafa fundið upp á þeirri nýjung að gefa veitingasölunum á hótelinu sérstök nöfn. Fremri salurinn heitir Fagrihvammur og sá innri Lækjarhvammur.

Á meðal þess fjölmarga sem gat að líta á matseðlinum fyrstu helgina hjá SKG-veitingum á Hótel Ísafirði voru forvitnilegir réttir eins og ristaðar gellur, bakaður saltfiskur, hreindýrahnappar með eplasalati og portvínssósu og eldsteikt jarðarber. Hreindýrin munu koma meira við sögu hjá þeim á næstunni. „Þann 31. október verðum við með hið árlega villibráðarhlaðborð Hótels Ísafjarðar“, segir Karl.

– Álftaveiðimennirnir fyrir sunnan sem voru í fréttunum um daginn hafa ekki verið á ykkar vegum að afla hráefnis á villibráðarhlaðborð á Hótel Ísafirði...

Guðlaug: „Nei! Við heyrðum þetta bara í útvarpinu.“

Þau S, K og G annast ekki aðeins veitingar inni á sjálfu hótelinu, heldur t.d. smáréttahlaðborð og heilar veislur úti í bæ eftir óskum hvers og eins. Og lögreglan fær alltaf hjá þeim mat tvisvar á dag.

Snorri hefur komið víða við

Og nú kemur essið í SKG loksins á svæðið. Hann kallar sig líka Vestfirðing, „vegna þess að ég átti heima fyrir vestan alveg frá því að ég var fjögurra ára“, segir Snorri Bogason, „fyrst í Mjólkárvirkjun og síðan á Mýrum í Dýrafirði til sextán-sautján ára aldurs, þegar ég fór suður. Ég vann í Straumsvík í tvö ár en síðan fór ég á Hótel Esju, lærði þar og vann með smáhléum meira en áratug eða til 1982. Þá kom ég vestur aftur og var lengi kokkur á togaranum Páli Pálssyni, síðan verkstjóri í rækjuvinnslunni í Hnífsdal og eftir það í Bolungarvík og alveg þangað til núna.“

– Átt þú einhverja sérgrein? Eitthvað sem þér finnst skemmtilegra í starfinu en annað?

„Mér finnst gaman að elda allan mat, en mér finnst sérlega skemmtilegt að vinna í veislum. Það er mest gaman þegar allt er í fullri aksjón, eins og sagt er. En þegar Loftleiðir tók við rekstrinum á Esju varð þetta eins og járnbrautarstöð, gríðarlega mikið af fólki úr flugvélunum og allt eins og færibandavinna.“

Þröngt mega sáttir sjóða

– Hvernig er aðstaðan í eldhúsinu hérna?

„Hún er út af fyrir sig ágæt, en eldhúsið er lítið og oft er að fara héðan út meira af mat en nokkur myndi trúa. Stundum er nokkuð þröngt.“

En þröngt mega sáttir sjóða, eins og máltækið segir, steikja og smyrja, og hæfilega margir góðir veitingastaðir eru meðal hornsteina mannlífsins í sérhverju góðu samfélagi.

Guðlaug Jónsdóttir, Karl Ásgeirsson og Snorri Bogason.

Ísafjörður

Geiri áfram með strætó

Þessa dagana er verið að ganga frá samningum milli Ísafjarðarbæjar og Ásgeirs S. Sigurðssonar bifreiðastjóra um að hann haldi áfram akstri strætisvagna á Ísafirði.

Ásgeir hefur rekið Ísafjarðarstrætó um árabil og bendir ekkert til annars en að nýir samningar takist um að framhald verði á því, og þá jafnvel til þriggja eða fimm næstu ára.

Reykjanes

Haustfagnaður Djúpmanna

Haustfagnaður Djúpmanna verður haldinn í Reykjanesi laugardaginn 17. október ef næg þátttaka fæst.

Hugmyndin með haustfagnaðinum er að Djúpmenn hittist og rifji upp gömul kynni á heimaslóðum, en allflestir sem búið hafa í Reykjanesi hafa verið þar í skóla.

Á fagnaðinum er gert ráð fyrir hlaðborði, söng, gítarspili og fleiru.

1000 ára afmælishátíðin í Hróarskeldu

„Dálítið leitt starfið skuli einskis metið“

– segir Ásthildur Cesil Þórðardóttir garðyrkjustjóri Ísafjarðarbæjar

Fyrir nokkrum vikum var sagt frá heimsókn tveggja fulltrúa Ísafjarðarbæjar til vinabæjarins Hróarskeldu í Danmörku og gjöf þeirri sem þeir færðu vinum okkar þar. Gjöfin var steinn innan úr Skötufirði, sem Jón Sigurpálsson myndlistarmaður gerði ramma um en Dagný Þrastardóttir gerði á hann plötu með áletrun.

Ásthildur Cesil Þórðardóttir.

Aftur á móti heyrðist að Ásthildur Cesil Þórðardóttir, garðyrkjustjóri Ísafjarðarbæjar, hefði valið steininn, en hún dvaldist á sínum tíma í Hróarskeldu í tvo mánuði fyrir tveimur árum og kynntist þar mönnum og málefnum. Þá var rætt um væntanlegt afmæli Hróarskeldu árið 1998 og hvað Ísafjarðarbær gæti best lagt til „þúsund ára garðsins“ þar. Meðal annars ræddi Ásthildur við borgarstjórann í Hróarskeldu og þá hugmynd að þar kæmi veglegur íslenskur steinn að vestan. Eftir að heim kom ræddi Ásthildur síðan við Kristján Þór Júlíusson þáverandi bæjarstjóra og menningarnefnd um væntanlega gjöf frá Ísafjarðarbæ og var þegar farið að vinna að undirbúningi.

Ekki hefur farið mikið fyrir því að þáttur og frumkvæði Ásthildar í þessu máli kæmi fram í fréttum af afmælishátíðinni í Hróarskeldu. Þess má geta, að bæði hún og Jón Sigurpálsson fóru þess formlega á leit að fá að fara með á afmælishátíðina í Hróarskeldu í sumar, en fengu engin svör og fóru hvergi.

Blaðið heyrði af þessu og leitaði til Ásthildar og spurði hana út í þetta.

„Þetta er rétt að öllu leyti nema því, að ég gerði allt nema að velja steininn. Það gerði Kristján bóndi Kristjánsson á Hvítanesi. Manni þykir dálítið leitt að hafa unnið í tvö ár að ákveðnu hugðarefni og hrinda því í framkvæmd og það skuli einskis metið.“

Aldarminning

Guðmundur G. Hagalín

Af vestfirskum rithöfundum verður Guðmundur Gíslason Hagalín að teljast einhver sá allra vestfirskasti, enda kynntist hann ungur öllu því sem snerti daglega lífsbaráttu á Vestfjörðum, bæði vinnubrögðum og orðfæri og öðrum sérkennum vestfirskra sjómanna og bændafólks. Þau kynni koma rækilega fram í ritum hans.

Á laugardaginn, 10. október, voru liðin 100 ár frá fæðingu Guðmundar G. Hagalín á Lokinhömrum í Arnarfirði. En auk þess sem hann er í hópi merkustu rithöfunda íslenskra var hann einn af þeim mönnum sem mestan svip settu á Ísafjörð á sinni tíð. Maðurinn var hamhleypa til verka og kom víða við í pólitík og öðrum félagsmálum. Hann gekk ungur í Menntaskólann í Reykjavík en hætti í miðjum klíðum, sem betur fer, líkt og Halldór Kiljan, enda mun fátt óhollara ungum rithöfundum en slímusetur í skólum fram eftir öllum aldri, einkum þó við nám í bókmenntafræðum.

Jónas frá Hriflu gekkst fyrir því að fá Guðmund Hagalín þrítugan að aldri til þess að taka að sér stöðu bókavarðar á Ísafirði, en þá var hann þegar orðinn landskunnur blaðamaður og rithöfundur, auk þess sem hann hafði dvalist nokkur ár í Noregi og flutt þar fyrirlestra. Guðmundur fluttist vestur til Ísafjarðar og tók við starfinu 1. janúar 1929. Jafnframt veittu stjórnvöld verulegan styrk til Bókasafns Ísafjarðar og bæjarstjórn tvöfaldaði framlag sitt til þess. Fram að þessu hafði safnið búið við þröngan kost, en Guðmundur gat haft bókavörsluna að aðalstarfi og strax á vordögum 1929 fluttist safnið í stærri og betri húsakynni á efri hæð í byggingu þeirri við Aðalstræti, sem nú er betur þekkt sem pósthúsið. Guðmundur G. Hagalín var bókavörður á Ísafirði til 1946 eða hátt á annan áratug, en þá fluttist hann aftur til Reykjavíkur.

Guðmundur G. Hagalín var mjög öflugur í pólitísku starfi á Ísafirði (innan Alþýðuflokksins) og mörgum öðrum félagsmálum. Hann var ritstjóri Skutuls, bæjarráðsmaður og bæjarfulltrúi og forseti bæjarstjórnar um skeið. Hann var stjórnarformaður Kaupfélags Ísfirðinga, fyrsti stjórnarformaður útgerðarfélagsins Njarðar, stjórnarformaður útgerðarfélagsins Vals sem gerði út togarann Skutul (áður Hávarð Ísfirðing), skólastjóri Kvöldskóla Iðnaðarmannafélags Ísfirðinga og formaður skólanefnda bæði Barnaskóla Ísafjarðar og Gagnfræðaskóla Ísafjarðar.

Ýmsir telja að Guðmundur Hagalín hafi ekki enn fengið að njóta sannmælis sem rithöfundur. Hann var ekki í náðinni hjá þeirri sovétmafíu Máls og menningar, sem stjórnaði því um langan aldur hverjir mættu kallast rithöfundar á Íslandi og hverjir ekki.

Margvísleg bókmenntaverk liggja eftir Guðmund Hagalín. Flestir þekkja þá gömlu, góðu konu Kristrúnu í Hamravík, Fal son hennar Betúelsson og hina artugu og þénanlegu stúlkukind sem sjálfur himnafaðirinn sendi þangað á heimilið. Smásögur Guðmundar eru mjög margar.

Ævisagnaritun hans verður þó að teljast merkasta framlag hans til íslenskra bókmennta, en ævisögurnar eru ekki aðeins sögur um einstaklinga, heldur einnig ómetanlegar heimildir um þjóðlífið. Þar var

Guðmundur G. Hagalín.

Guðmundur brautryðjandinn eftir að sú list hafði legið niðri hérlendis hátt í sjö hundruð ár, eða frá því að Íslendingasögurnar voru færðar í letur. Sá er þó munurinn, að Íslendingasögurnar voru ritaðar um löngu látið fólk, en Guðmundur Hagalín skrifaði sögur lifandi fólks.

Meðal ómetanlegra ævisagna sem Guðmundur ritaði eru Virkir dagar, saga Sæmundar skipstjóra Sæmundssonar (1936-38), Saga Eldeyjar-Hjalta (1939) og Konan í Dalnum og dæturnar sjö, saga Moniku á Merkigili (1954). Frá því að Virkir dagar komu út fyrir sex áratugum hafa óteljandi ævisögur séð dagsins ljós á Íslandi.

Guðmundur G. Hagalín andaðist árið 1985.

Erfðir og fé

Íslensk erfðagreining hefur verið mikið í fréttum og meðal annars borið á góma hér. Það er eðlilegt. Alþingi hefur haft frumvarp til laga um miðlægan gagnagrunn til umfjöllunar. Fyrirtækið hefur fengið feiknalega mikla auglýsingu í umfjöllun fjölmiðla. Nú síðast hefur Morgunblaðið sett af stað virðingaverðan greinaflokk um erfðir og málefni Íslenskrar erfðagreiningar. Dr. Kári Stefánsson hefur lært fleira í Bandaríkjunum en læknavísindin ein. Nægir þar að líta til þess að hann nýtir sér til hins ýtrasta það sem á enskuskotinni íslensku mætti nefna „lobbyisma“. Á íslensku gæti það nefnst áhrifasókn. Þá er vísað til þess að markmiðið er að hafa áhrif á áhrifa- og valdamenn í stjórnsýslu. Sóst er eftir áhrifum með þeim hætti, að sérstakir menn taka að sér að kynna málefni þau, sem unnið er fylgis, fyrir alþingismönnum og áhrifavöldum í stjórnsýslunni. Þannig gerist tvennt, áhrifum þess er leitar stuðnings er dreift að eigin frumkvæði. Ekki er beðið eftir því að stjórnvöld leiti upplýsinga. Þeim er dreift óumbeðið og öllum ráðum beitt. Eins mætti kalla þetta áhrifadreifingu, en um er að ræða áhrifasókn. Sótt er inn í raðir alþingismanna og ríkisstjórnar og þannig reynt að stýra því hvernig völdum löggjafans og stjórnsýslunnar er beitt.

Nægir að nefna, að Dr. Kári samdi eða lét semja hið mjög svo umdeilda frumvarp að gagnagrunni. Við undirritum samninga við svissneska lyfjafyrirtækið Hoffman La Roche var forsætisráðherra vitundarvottur. Frú Vigdís Finnbogadóttir fyrrum forseti Íslands situr í stjórn Íslenskrar erfðagreiningar. Þannig eru áhrifamenn fengnir til liðsinnis.

Stakkur skrifar

Miklir hagsmunir....

En þótt miðlægur gagnagrunnur sé heillandi vegna þeirra miklu möguleika sem hann býður varðandi rannsóknir á erfðaefninu, genunum, er það ekki nóg. Ótakmarkaðar lendur eru framundan, því til eru lífssýni tuga þúsunda núlifandi og genginna Íslendinga. Sum söfnin eru erlendis eins og blóðsýni barna fæddra á árunum 1979 til 1996. Þau sýni eru geymd í Danmörku og voru tekin til þess að greina sjaldgæfan skjaldkirtilssjúkdóm. Ekki kemur fram hvort um hefur verið að ræða samþykki foreldranna fyrir töku og geymslu sýnanna erlendis. Ljóst er að setja þarf mjög skýrar reglur um geymslu og varðveislu lífssýna. Auk þess lifa um 274 þúsund landsmenn nú.

Hvort það hefur tekist með nýja gagnagrunnsfrumvarpinu skal ósagt látið, enda á alþingi eftir að segja sitt og afgreiða frumvarpið, óbreytt, breytt eða hugsanlega fella það. Hins vegar hefur áhrifasókn dr. Kára og hans manna tryggt þeim stuðning ríkisstjórnarinnar.

Ef litið er til þess að allra hagur er af því að ná tökum á sjúkdómum er hugmyndin góð. En fleira kemur til. Persónuvernd er mikilvæg. Réttur einstaklings til leyndar viðkvæmra mála er snerta hann einan hlýtur að teljast ótvíræður. Þar af leiðandi verður sá er í hlut á hverju sinni að samþykkja að jafn persónulegt málefni og lífssýni hans eru verði notuð í öðru skyni, en því sem var ástæða töku þeirra. Venjulega er um að ræða leit sjúkdóms og væntanlega lækningar í framhaldinu. Um börn ogg ólögráða gildir að lögráðmaður verður að veita samþykki sitt. Á þessu virðist nú betur tekið en í fyrra frumvarpinu. En lífssýni látinna ætti ekki að nota fyrr en að liðnum að minnsta kosti 50 árum frá andláti, án samþykkis nánustu afkomenda.

Öll leyndarmál fólks upplýsast að einhverju leyti í genunum. Hugsunin ein verður óhult framvegis ef einstaklingurinn ræður ekki notkun lífssýna sinna sjálfur.

....og miklir peningar

En dr. Kári hefur að vísu staðið sig vel. Hann hefur fengið mikla peninga til Íslands. Erlendir fjárfestar féllu fyrir hugmyndinni. Hann hefur selt aðgang, að minnsta kosti óbeint, að gagnagrunninum. Það gerði hann þótt ekki lægi fyrir hvernig alþingi afgreiddi frumvarpið hans. Áhugi Hoffman La Roche er til kominn vegna möguleikanna sem genarannsóknirnar veita.

En samansöfnun upplýsinga á einn stað er varasöm. Hugsjónamönnum og brautryðjendum gengur gott eitt og göfugt til. Aðrir koma á eftir, sem sjá sér enn frekar hagsmuni af því að nýta gagnagrunninn í skyni ávinnings. Tryggingafélög, sem tryggja líf og heilsu manna munu sjá sér verulegan hag í því að geta flokkað frá óæskilega viðskiptamenn, þessa með gölluðu genin. Þeir verða einfaldlega neikvæðar tölur í bókhaldi félagsins.

Vinnuveitendur munu einnig vilja komast yfir samsvarandi upplýsingar. Þeir sem oft eru frá vinnu vegna veikinda teljast ekki eins æskilegur vinnukraftur og hinir sem eru hraustir og sjaldan frá. Þetta er full dökkt málað kann einhver að segja. Vonandi er um óþarfa svartsýni að ræða. En alla möguleika verður að skoða.

En það eru einnig miklir fjárhagslegir hagsmunir fólgnir í því að lækna ýmsa sjúkdóma sem eru þjóðfélaginu dýrir. Kannski þar sé komin skýringin á áhuga ríkisstjórnar og alþingis.

Íslensk erfðagreining fór af stað í kynningarferð um landið þegar andstaða kom upp meðal lækna. Læknarnir eru einmitt þeir sem best þekkja til samskipta við sjúklinga um viðkvæm persónuleg mál eins og veikindi og heilbrigði. Ljóst er að allt er lagt undir til að ná árangri og fá frumvarpið samþykkt. Til þess er ekkert sparað. Þrýstingurinn er mikill. En hvernig á að tryggja leynd? Dulkóðun í núverandi mynd dugar ekki. Persónuleynd skortir. Alþingismenn eiga vandasamt starf fyrir höndum.

-Stakkur.

STUTTAR FRÉTTIR

Þemavika hjá GÍ

Þessa viku er hefðbundið skólastarf í Grunnskólanum á Ísafirði brotið upp með þemavinnu. Þemað í 8.-10. bekk er vímuvarnir og verður byggt á vinnu í hópum, sem stendur alla vikuna.

Unnið verður með ýmsa miðla, svo sem myndbandagerð, blaðaútgáfu, útvarpsþáttagerð, ræðukeppni o.fl. og verður eingöngu fjallað um vímuefni og varnir gegn þeim. Þemavikunni lýkur síðan með íþróttahátíð í Bolungarvík á föstudaginn.

Núpur sigraði

Firmakeppni Golfklúbbs Ísafjarðar 1998 lauk með úrslitakeppni 17 efstu fyrirtækjanna. Í þremur efstu sætum urðu:

1. Núpur hf., leikmaður Jón Hjörtur Jóhannesson. 2. Apótek Ísafjarðar, leikmaður Kristján Helgason. 3. Hraðfrystihúsið hf. Hnífsdal, leikmaður Finnur Magnússon.

Alls tóku 41 fyrirtæki þátt í keppninni og þakkar Golfklúbbur Ísafjarðar fyrir stuðninginn.

Sex ára og seldi allt

Sex ára ungmær í Hnífsdal, Elín Jónsdóttir, gekkst fyrir skömmu fyrir hlutaveltu (tombólu) í þágu Rauða krossins og seldi margskonar dót sem hún safnaði.

Afraksturinn af framtakinu var kr. 1.129 og fór Elín með upphæðina til Bryndísar Friðgeirsdóttur hjá Rauða krossinum og afhenti henni peningana.

GAMLA BAKARÍIÐ FÆR GAMLA FORD

– SEM ER MEIRA EN SJÖTUGUR EN ÞÓ NÆRRI HELMINGI YNGRI EN FYRIRTÆKIÐ!

Gamla bakaríið á Ísafirði ber nafn með rentu, vegna þess að sögu fyrirtækisins má rekja allt til 1871, þegar fyrsta brauðgerðarhúsið á Ísafirði og hið þriðja á landinu tók til starfa. Ekki er alveg ljóst hversu lengi það hefur borið núverandi nafn, en líklega frá 1884 eða skömmu eftir það, en þá tók nýtt bakarí til starfa á Ísafirði og nafnið hefur þá væntanlega orðið til í daglegu tali fólks. Gamla bakaríið hefur verið á núverandi stað við Aðalstrætið og í eigu sömu ættar frá 1920.

Nýjasti bíllinn hjá Gamla bakaríinu er reyndar allmiklu yngri en fyrirtækið, aðeins liðlega sjötugur. Hann er af gerðinni Ford T árgerð 1927 (Gamli Ford), og kom hann á göturnar á Ísafirði í síðustu viku. Árni Aðalbjarnarson bakarameistari rakst á þennan bíl í litlum bæ í Englandi, hreifst af honum og keypti.

„Nýi“ bíllinn hjá Gamla bakaríinu er síðasta árgerðin af Gamla Ford (T-módelinu fræga), eins og þeir voru ævinlega kallaðir á Íslandi. Gamli Ford var framleiddur frá 1908 til 1927, alls um 15 milljónir eintaka, en árið 1928 tók A-módelið við (Nýi Ford). Eitt af því sem sérstakt má telja við þennan bíl, miðað við það sem nú tíðkast, að á honum eru engar rúðuþurrkur, heldur er hægt að opna efri hlutann á framrúðunum og horfa þar út, en efri hlutinn myndar þá eins konar skyggni. Enginn stuðari er á bílnum, heldur eru það framhjólin sem ná lengst fram. Hjólin eru stór og mikil og það á sinn þátt í því hversu kraftlítill hann er.

Árni Aðalbjarnarson bakarameistari sagði svo frá í samtali við blaðið í fyrradag: „Við hjónin fórum í frí til Englands og þar komum við í Keswick við Derwent-vatn, lítinn bæ úti í sveit. Þar sáum við lítið veitingahús sem heitir Tea Gardens og staðurinn var til sölu. Þessi gamli bíll var notaður til þess að aka um og auglýsa staðinn. Þegar ég sá aftan á bílinn minnti hann mig töluvert á gamlan bíl sem Martinus Simson skógræktarmaður og ljósmyndari hér á Ísafirði átti á sinni tíð. Ég vann hjá Simson þegar ég var krakki og var alltaf óskaplega hrifinn af þessum bíl, sem var enskur af gerðinni Bradford, eitthvað um 1940-módel. Vélin í honum var tveggja strokka og maður heyrði alltaf í honum löngu áður en hann kom inn í skóg. Hann var alveg kraftlaus og ekki síst þess vegna heyrðist svo mikið í honum. Það kom fyrir að Simson fór á honum upp að Skíðaskála og þá gat hann aðeins verið einn í bílnum og marði það í fyrsta gír. Ég man að stundum tók hann mótorinn úr bílnum og fór með hann upp í garð og var að gera við hann.

Á sumrin unnum við krakkarnir í skógræktinni og ég man að Simson hafði sett sér það mark á þeim tíma að gróðursetja 200.000 tré eða eitt á hvern Íslending. Þetta hefur verið eitthvað um miðjan sjöunda áratuginn. Einhverju sinni fór Simson á bílnum út á kúabú (gamla Seljalandsbúið) og kom aftur með bílinn fullan af skít. Ég man að ég sagði við Simson: Ertu að verða brjálaður, maður? En hann svaraði: Árni, ég körer bæði skídt og fínt fólk! Bradfordinn var mjög sérstakur á margan hátt, líkt og eigandinn. Þakið á honum var tjargað og Simson var sífellt að gera eitthvað við hann. Ég man vel eftir fleiri gömlum bílum sem settu svip á bæinn. Mér finnast nýir bílar í dag vera hreinlega ljótir miðað við það sem áður tíðkaðist, einkum á milli 1950 og 1960. Þá var miklu meiri klassi yfir bílunum. Ég hef haft töluverða bíladellu alveg frá því að ég var krakki.

En hvað sem því líður, þá leist mér vel á gamla Fordinn þarna úti og fór að skoða hann nánar. Það hefur alla tíð verið draumur minn að eignast gamlan bíl. Einhvern tímann þegar ég var að læra og vinna úti í Danmörku fyrir um tuttugu árum var ég að velta fyrir mér að kaupa 1938-módelið af Benz, en konunni fannst hann vera of dýr, svo að ég hætti við kaupin og sá alltaf eftir því. Þetta var klassabíll sem gamall maður kom með á bílasölu og hann átti að kosta svipað og lítill Renault-sendiferðabíll. En þarna úti í Englandi ákvað ég á stundinni að kaupa gamla Fordinn, fór inn og talaði við eigandann og spurði um verð og ásigkomulag. Hann sagði mér að bíllinn hefði verið gerður upp árið 1984, þá hafi verið sett í hann Morris-vél og nýr gírkassi og hann væri í alveg þokkalegu lagi og keyrður á hverjum degi.

Einar Karlsson fararstjóri, tengdasonur Ebba og Betu Agnarsdóttur á Ísafirði aðstoðaði mig við kaupin og frágang mála og á hann stóran þátt í þessu. Ekki gengu kaupin alveg snurðulaust, vegna þess að eigandinn vildi í fyrstu einungis selja hann nótulaust gegn staðgreiðslu í peningum til þess að sleppa við að borga skatt af sölunni. Ég sagði að það gengi ekki upp, því að ég gæti ekki flutt hann til Íslands án þess að hafa tollpappíra. Kaupin tók-

Melkorka Rán Ólafsdóttir, nemandi í 10. bekk grunnskólans skrifar

Hverjir vita best?

„Við sem erum í 10. bekk Grunnskólans megum fara á 16 ára böll nú um áramótin, en þar sem við eigum ekki öll afmæli 1. janúar og verðum ekki orðin 16 ára, megum við bara vera úti til kl 22:00, svo að þið foreldrar okkar, sem mest megnis ráðið þessum reglum, verðið að vera edrú á áramótunum svo að þið getið skilað okkur á ballið kl 24:00 og sótt okkur kl 03:00 en þá lýkur ballinu!“

Mig langar til að segja skoðun mína á máli sem er í gangi í bænum í dag. Allt í einu er átak í vímuvörnum, ég segi kannski ekki allt í einu, en það er mjög áberandi. Það er eitt sem er fléttað mjög inn í vímuvarnirnar og er það útivistartíminn.

Samkvæmt lögum mega börn og unglingar á aldrinum 12-16 ára vera úti til 22:00 á veturna en 24:00 á sumrin. Ég spyr, hvað eiga 12 ára börn og 16 ára unglingar sameiginlegt? Það sem mér finnst er nákvæmlega ekki neitt!” En auðvitað veit fullorðna fólkið alltaf best, ekki satt?

Við sem erum í 10. bekk Grunnskólans megum fara á 16 ára böll nú um áramótin, en þar sem við eigum ekki öll afmæli 1. janúar og verðum ekki orðin 16 ára, megum við bara vera úti til kl 22:00, svo að þið foreldrar okkar, sem mest megnis ráðið þessum reglum, verðið að vera edrú á áramótunum svo að þið getið skilað okkur á ballið kl 24:00 og sótt okkur kl 03:00 en þá lýkur ballinu!

En það sem er svo óréttlátt er að við megum fara á böll, en við megum ekki vera úti. Ég ætla að taka smá dæmi með mig t.d., besta vinkona mín á afmæli 18. janúar, en ég ekki fyrr en 7. júní. Hún má vera í bænum eftir 18. janúar, en ég verð að hanga heima í lúdó með ömmu, þar til 7. júní.

Það er endalaust tönnlast á væntumþykju og að þið viljið bara það sem okkur er fyrir bestu, en hvað með okkur? Ha! Af hverju gefið þið okkur ekki smá traust þegar við erum komin á þennan aldur? Þótt við förum í bæinn og sitjum á Landsbankatröppunum er ekki þar með sagt að við séum uppdópuð!! Við viljum hittast og spjalla við annað fólk á okkar aldri, alveg eins og þið. Þið gerið það sem ykkur finnst skemmtilegt, við höfum ekki tækifæri til þess! Sérstaklega þar sem þið viljið loka félagsmiðstöðinni kl. 22:00 í stað 22:30 og hafa diskótekin til kl. 24:00 í stað 01:00. Þið ættuð að líta í eigin barm. Hver er að senda okkur út? Sum okkar eru að verða 16 ára. Ég ætla að segja það sem ég hef oft sagt áður: **Félagsmiðstöðin er ekki vandamálið!** Hvað haldið þið eiginlega að við séum að gera þarna? Haldið þið að starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar sjái okkur fyrir dópi eða hvað? Þið ættuð að fylgjast betur með í staðinn fyrir að halda unglingunum ykkar heima og kenna félagsmiðstöðinni um allt.

Annað er það sem mér finnst gjörsamlega út í hött, það er að breyta bíótímanum í 20:00 í stað 21:00. Ég veit að ykkur finnst þetta frábær lausn á vímuvandanum og allt það, en hvað með fólkið sem er eldra en 16 ára, t.d. heimilisfólk sem getur notað þenna klukkutíma betur en að rjúka í bíó rétt fyrir 20:00. Hvað með það?

Áður en þið rasið beint í þessar svo kölluðu vímuvarnir ættuð þið að endurskoða þetta aðeins. Eins er með útivistartímann. Af hverju ekki að hafa hann óbreyttan fyrir krakka á aldrinum 12-13 ára, en lengja hann fyrir 14-15 ára og láta hann taka gildi á 16. ári eins og með böllin?

Fyrst þetta er nú svona, get ég tekið dæmi um óréttlæti í okkar garð. Sífellt er verið að minna okkur á að við verðum ekki sjálfráða fyrr en um 18 ára aldur, þ.e.a.s. við erum börn til 18 ára aldurs, (mér fannst það mikil mistök að breyta þessu) af hverju þurfum við því að borga á við fullorðnar manneskjur ef við erum það ekki svo sem í strætó hér á Ísafirði? Ég afsaka ef ég fer með rangt mál, en mig minnir að maður þurfi að borga fullorðinsgjald 12 ára! Og 16 ára í sund. Og endalaust er hægt að telja fleiri dæmi. Það er ekki eins og unglingar hafi mikið fé á milli handanna, sérstaklega yfir veturinn.

En eins og ég sagði áðan, þið vitið allt best, enda fyrirmyndir okkar. Að lokum vil ég segja þetta. Af hverju munið þið aldrei eftir ,,góðu börnunum?”

– Melkorka Rán Ólafsdóttir, 10. bekk Grunnskólans á Ísafirði.

Árni Aðalbjarnarson við Ford T bifreiðina sem er árgerð 1927.

ust þó um síðir, karlinn gaf nótu fyrir kaupunum og bíllinn var fluttur á flutningabíl til hafnarbæjarins Immingham, rétt við Grimsby. Þetta var um 450 km leið og lítið vit að aka bílnum til Immingham, því að hann kemst lítið yfir 40 km hraða. Þaðan kom hann með skipi til Íslands. Hingað kom hann á miðvikudaginn í síðustu viku og það tók nokkurn tíma að koma honum í gegnum toll og fá á hann skoðun. Það er dálítið snúið með árgerðina, því að hann var gerður upp frá grunni árið 1984 og hafði því verið skráður sú árgerð úti í Englandi, þó að hann sé vissulega 1927-módelið."

– En hann hefur flogið gegnum skoðunina?

„Það gekk svona sæmilega. Hann bremsaði ágætlega á öðru framhjóli en ekki nógu jafnt á hinum. Og handbremsan var ekki í lagi. En að öðru leyti var þetta allt í fínasta lagi."

Morris-vélin í Fordinum gamla er aðeins 22ja hestafla, svipuð að stærð og var í þessum bílum upphaflega. Fjaðrabúnaðurinn er með sama hætti og var í upphafi og óneitanlega er hann dálítið hastur. Hins vegar er hann ágætur í stýri, alveg furðu góður. Árni fór með hann á hafnarvogina fyrir helgina til þess að láta vigta hann og reyndist hann vera 610 kíló. „Ég hélt að hann væri nú ekki nema um 500 kíló", segir hann.

„Finnbogi Hermannsson er mikill áhugamaður og fróðleiksmaður um gamla bíla og hann fór á honum einn rúnt um bæinn. Þegar við fórum framhjá kirkjugarðinum upp Hafnarstrætið var hann í þriðja gír og Finnbogi taldi óhætt að leggja í Bæjarbrekkuna í þriðja, skipta svo niður í annan og hann myndi fara upp í þeim gír „á seiglunni". En bíllinn var svo þungur með okkur báðum að hann stoppaði í miðri brekku og við rétt komumst upp í fyrsta gír.

Ég er alveg klár á því að bíllinn á eftir að hitta í mark á Ísafirði og setja skemmtilegan svip á bæinn. Mér finnst við vera búnir að missa svo margt gamalt hér í bænum. Ég sá alltaf mikið eftir gömlu kirkjunni okkar og var mjög ósáttur við að hún skyldi ekki fá að standa. Þegar maður fer til útlanda sér maður hvað það liggja mikil menningarverðmæti í gömlum kirkjum og öðrum gömlum byggingum. Það blasir vel við þessa mánuðina hvað hægt er að gera við lagfæringar og endurbyggingar gamalla húsa, bæði hvað Halldór Antonsson er að gera í Aðalstrætinu í húsinu við hliðina á Pósthúsinu og Magnús Alfreðsson í gamla Hæstakaupstaðarhúsinu. Það hefði verið leikur einn að lagfæra gömlu kirkjuna í samanburði við það sem t.d. Magnús er að gera. En svona erum við búnir að klúðra mörgu gömlu hér á Ísafirði. Heldurðu að það væri ekki einhvers virði að eiga ennþá gömlu Edinborgarbryggjuna? Þeir eru heldur betur búnir að gera við gömlu bryggjurnar á Siglufirði. Við eigum leifar af einni gamalli bryggju eftir, og hún er á bak við Norðurtangahúsið. Þannig mætti lengi telja."

– Ætlarðu ekki að merkja bílinn Gamla bakaríinu?

„Jú, ég ætla að gera það, en mér finnst gaman að láta líka Tea Gardens áletrunina halda sér áfram."

– Og þú ætlar að nota hann í útkeyrslu fyrir bakaríið...

„Já, ef það er eitthvað sérstakt tilefni, þá er tilvalið að keyra út eina og eina tertu á honum!"

Sóley Arnórsdóttir starfsstúlka á Sól og fegurð, Sigríður Hreinsdóttir fótaaðgerðarfræðingur og Agnes Ásgeirsdóttir annar eigenda Sólar og fegurðar.

Eigendaskipti á Sól og fegurð

Eigendaskipti hafa orðið á heilsustúdíóinu Sól og fegurð á Ísafirði. Aldís Höskuldsdóttir, sem stofnsetti fyrirtækið og rak um nokkur misseri hefur selt reksturinn til hjónanna Agnesar Ásgeirsdóttur og Snorra Bogasonar.

Að sögn Agnesar mun Sól og fegurð bjóða upp á Strata 3.2.1., Body Gold, sogæðanudd, leirvafninga og ljósabekki svo fátt eitt sé nefnt. Þá mun Sigríður Hreinsdóttir, löggiltur fótaaðgerðarfræðingur, opna fótaaðgerðarstofu í húsnæðinu á fimmtudag en hún ber heitið Silfá. Í samtali við blaðið sagði Agnes að þærstöllur myndu í sameiningu bjóða upp á góða og vandaða þjónustu í afslöppuðu og þægilegu umhverfi. Þær munu meðal annars bjóða upp á sérstaka ,,dekurpakka" auk þess sem boðið verður upp á farðanir fyrir árshátíðir og fleiri samkomur.

Canon

kynning í Bókhlöðunni

Föstudaginn 16. október
kl. 10:00-18:00
Laugardaginn 17. október
kl. 10:00-13:00

CANON 4300
prentari og skanni
fyrir kr. 19.900.-

Óvæntur glaðningur fylgir öllum prenturum

Power Shot 350
myndavélin kostar aðeins kr. 29.900.-
Komdu og skoðaðu eiginleikana

Við kynnum:
Prentara
Faxtæki
Reiknivélar
Ljósritunarvélar
Stafrænar myndavélar

Komdu og kynntu þér málið

BÓKHLAÐAN
Ísafirði – Sími 456 3123

Sýslumaðurinn á Ísafirði

Uppboð á lausafjármunum

Eftirtaldar bifreiðir og annað lausafé verður boðið upp við gömlu lögreglustöðina Fjarðarstræti, Ísafirði, laugardaginn 24. október 1998, kl. 14:00.

Bifreiðir:

G-7114, RU-907, ZL-491.

JL-3279 Steinbock Boss lyftari m/aukab., árg. 1998 og JL-3320 Manitou MS 30 CP diesellyftari, serial 121, 1997.

Uppboðið á sér stað eftir kröfu Sýslumannsins á Ísafirði og ýmissa lögmanna. Vænta má að greiðslu verði krafist við hamarshögg.

14. október 1998

Sýslumaðurinn á Ísafirði

Ólafur Helgi Kjartansson.

Atvinna

Starfsmaður óskast til mjólkurpökkunar. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar gefur Halldór Guðlaugsson í síma 456 3152 eða í samlaginu.

Mjólkursamlag Ísfirðinga.

Til sölu eða leigu

Til sölu eða leigu er 3ja-4ra herbergja íbúð að Tangagötu 8a á Ísafirði. Íbúðin er laus.

Upplýsingar gefur Björn í síma 456 5470 á daginn og 456 4792 á kvöldin.

Þökkum af alúð auðsýnda samúð og vinsemd við fráfall elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Elízabeth (Bettý) Jóhannson

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sjúkrahúss Ísafjarðar.

Elízabeth Einarsdóttir	Hörður Högnason
Einar Einarsson	Herdís Þorkelsdóttir
Margrét Einarsdóttir	Sverrir Magnússon
Konráð Einarsson	Anna Jónsdóttir
Kristinn Einarsson	Ragna Dóra Rúnarsdóttir
Lovísa Einarsdóttir	Ingimar Jónsson

barnabörn og langömmustrákarnir.

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

DAGSKRÁ

14. OKTÓBER - 20. OKTÓBER 1998

SJÓNVARPIÐ

MIÐVIKUDAGUR 14. OKTÓBER 1998

13.00 Skjáleikurinn
16.00 Auglýsingatími
16.15 Í austurveg
báttur um ferð íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu til Armeníu og svipmyndir úr landsleiknum við Armena laugardaginn var. e.
16.45 Leiðarljós
17.25 Táknmálsfréttir
17.30 Ísland - Rússland
Bein útsending frá leik Íslendinga og Rússa í undankeppni Evrópumótsins í knattspyrnu.
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Víkingalottó
20.45 Mósaík
Í þættinum er raðað saman ýmsum brotum sem tengjast menningu og listum, auk umræðu um fróðleg og framandi mál.
21.15 Sögur úr þorpinu (4:4)
22.10 Bráðavaktin (22:22)
23.00 Ellefufréttir
23.20 Skjáleikurinn

FIMMTUDAGUR 15. OKTÓBER 1998

13.45 Skjáleikurinn
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Undraheimur dýranna
19.00 Heimur tískunnar (2:30)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 ...þetta helst
Spurningaleikur með hliðsjón af atburðum líðandi stundar. Liðsstjórar eru Björn Brynjúlfur Björnsson og Ragnhildur Sverrisdóttir.
21.10 Meiri krít (4:6)
21.40 Kastljós
22.10 Bílastöðin (4:24)
23.00 Ellefufréttir og íþróttir
23.20 Skjáleikurinn

FÖSTUDAGUR 16. OKTÓBER 1998

13.45 Skjáleikurinn
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Þytur í laufi (58:65)
18.30 Úr ríki náttúrunnar
19.00 Allt í himnalagi (2:22)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.45 Stutt í spunann
Vettvangur fyrir ófyrirséða atburði og frjálslegt fas. Gestir þáttarins, tónlistarfólk og leikarar taka af skarið og vegfarendur eiga góða spretti.
21.20 Sítrónulundurinn
(Lemon Grove)
Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1995 um baráttu bændafólks á sítrónubúgarði við illt árferði og innri átök.
Aðalhlutverk: Stephen Lang, Jobeth Williams og Jeremy Thomas.
22.55 Lygavefur
(Little White Lies)
Áströlsk kvikmynd frá 1996 um konu á framabraut sem verður skotspónn manna sem svífast einskis.
Aðalhlutverk: Mimi Rogers, Temuera Morrison og Andrew McFarlane.
00.30 Útvarpsfréttir
00.40 Skjáleikurinn

LAUGARDAGUR 17. OKTÓBER 1998

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.30 Þingsjá
10.50 Skjáleikurinn
15.45 Auglýsingatími
16.00 Leikur dagsins, HK-FH
Bein útsending frá leik HK og FH á Íslandsmóti karla í handknattleik sem fram fer í íþróttahúsinu í Digranesi.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Rússneskar teiknimyndir
18.30 Furður framtíðar (9:9)
19.00 Strandverðir (16:22)
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Lottó
20.50 Spaugstofan
21.20 Dómsdagur
(Defending Your Life)
Bandarísk gamanmynd frá 1991 um mann sem deyr í bílslysi og flyst við það á furðulegan stað þar sem dæmt er um hvort fólk fái að hefja nýtt líf eða þurfi að snúa aftur til jarðarinnar.
Aðalhlutverk: Alfred Brooks, Meryl Streep, Rip Torn og Lee Grant.
23.15 Lærisveinn launmorðingjans
(The Stalker's Apprentice)
Skosk spennumynd frá 1993 um ungan einhleyping sem rekst á stúlku í jarðlest og verður áhugasamari um hana en góðu hófi gegnir.
Aðalhlutverk: Peter Davison, James Bolam og Gideon Turner.
00.30 Útvarpsfréttir
00.40 Skjáleikurinn

SUNNUDAGUR 18. OKTÓBER 1998

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.40 Hlé
13.30 Vatn til skiptanna
15.00 Þrjú-bíó
Nornin unga
(Sabrina the Teenage Witch)
Bandarísk kvikmynd um nornina Sabrinu, söguhetjuna í hinum vinsælu sjónvarpsþáttum sem sýndir eru á þriðjudögum.
16.30 Hátíðarsýning í hringleikahúsi
17.30 Alvar Aalto
Finnsk heimildarmynd um einn merkasta arkitekt aldarinnar en hann er m.a. höfundur Norræna hússins í Reykjavík.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Spaghetti-konan
18.45 Tsitsi (3:5)
19.00 Geimferðin (13:52)
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Sunnudagsleikhúsið
Sögur fyrir svefninn: Silfur
Miðill kemur í heimahús og setur upp fund fyrir aldraða konu. Konan fær kveðjur að handan og atburðarásin tekur óvænta stefnu.
Aðalhlutverk: Margrét Ólafsdóttir og Bergur Þór Ingólfsson.
21.05 Eylíf (3:4)
Grímsey
Í þættinum er fylgst með daglegu lífi íbúa, farið í róður og fjölskrúðugt fuglalíf eyjarinnar skoðað.
21.35 Helgarsportið
22.00 Í takt við tímann (1:4)
(A Dance to the Music of Time)
Nýr breskur myndaflokkur gerður eftir sögum Anthonys Powells sem eru meðal meistaraverka breskra bókmennta á þessari öld. Í myndunum er rakin saga fjögurra pilta sem hittast fyrst í Eton-skólanum um 1920 og eru enn, hálfri öld síðar, tengdir nánum böndum.
Aðalhlutverk: Simon Russell Beale, James Purefoy, Paul Rhys, Jonathan Cake, Alan Bennett, Edward Fox, John Gielgud og Miranda Richardson en alls koma um hundrað leikarar fram í myndunum.
23.45 Útvarpsfréttir
23.55 Skjáleikurinn

MÁNUDAGUR 19. OKTÓBER 1998

11.30 Skjáleikurinn
15.00 Alþingi
16.25 Helgarsportið
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Eunbi og Khabi (15:26)
18.30 Veröld dverganna (19:26)
19.00 Ég heiti Wayne (3:26)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Einyrkjar
Magnús Gunnarsson landslagsmálari.
21.10 Víf og vín (5:6)
22.00 Taggart - Berserkur (1:3)
Skoskur sakamálaflokkur þar sem arftakar Taggarts, lögreglufulltrúa í Glasgow, glíma við erfitt mál.
23.00 Ellefufréttir og íþróttir
23.20 Mánudagsviðtalið
23.45 Skjáleikurinn

ÞRIÐJUDAGUR 20. OKTÓBER 1998

11.30 Skjáleikurinn
13.30 Alþingi
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Eyjan hans Nóa (3:13)
18.30 Gæsahúð (8:26)
19.00 Nornin unga (3:26)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Deiglan
Umræðuþáttur á vegum fréttastofu.
21.25 Taggart - Berserkur (2:3)
22.20 Titringur
Þáttur um konur og karla; ólíkar væntingar þeirra og viðhorf. Í þættinum verður varpað fram spurningum, rætt við sérfræðinga og leikmenn.
23.00 Ellefufréttir og íþróttir
23.20 Auglýsingatími
23.35 Skjáleikurinn

2 STÖÐ-2

MIÐVIKUDAGUR 14.OKTÓBER.1998

13.00 Hún Antonía mín (e)
14.40 Billie Holiday (2:2) (e)
15.30 NBA Molar (e)
16.00 Ómar
16.25 Bangsímon
16.45 Súper Maríó bræður
17.10 Glæstar vonir
17.30 Línurnar í lag
17.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Beverly Hills 90210
19.00 19>20
20.05 Chicago-sjúkrahúsið (5:26)
21.00 Ellen (12:25)
21.30 Ally McBeal (8:22)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Íþróttir um allan heim
23.45 Hún Antonía mín (e)
(My Antonia)
Hrífandi bandarísk sjónvarpsmynd frá 1995 táninginn Jim Burden sem er komið í fóstur hjá afa sínum og ömmu á búgarði þeirra. Hann er óánægður með lífið og tilveruna í fásinninu en kætist nokkuð þegar hann kynnist Antoniu, dóttur fátækra innflytjenda. *Aðalhlutverk: Eva Marie Saint og Jason Robards.*
01.20 Dagskrárlok

FIMMTUDAGUR 15.OKTÓBER.1998

13.00 Leitin (e)
(The Searchers)
15.00 Oprah Winfrey (e)
15.45 Eruð þið myrkfælin? (5:13)
16.10 Bangsímon
16.30 Með afa
17.20 Glæstar vonir
17.45 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Nágrannar
19.00 19>20
20.05 Melrose Place (7:32)
21.00 Kristall (2:30)
21.35 Þögult vitni (8:16)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Glæpadeildin (2:13)
23.35 Leitin (e)
(The Searchers)
01.30 Blóð hinnar sveltandi stéttar
(Curse of the Starving Class)
Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1995 eftir leikriti Sams Shepards. Tatefjölskyldan reynir að láta enda ná saman í dreifbýlinu og eltist við ameríska draumina daginn út og inn.
Aðalhlutverk: James Woods, Randy Quaid og Kathy Bates.
03.10 Dagskrárlok

FÖSTUDAGUR 16.OKTÓBER.1998

13.00 Glæpadeildin (2:13) (e)
13.50 Stéttaskipting (4:4) (e)
14.40 Punktur.is (10:10) (e)
15.05 Hljómsveitin Pretenders (e)
(Pretenders: Isle of View)
Fjallað er um hljómsveitina Pretenders í tónum og tali.
16.00 Töfravagninn
16.25 Bangsímon
16.50 Orri og Ólafía
17.15 Glæstar vonir
17.40 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Kristall (2:30) (e)
19.00 19>20
20.05 Elskan ég minnkaði börnin
21.00 Þytur í laufi
22.35 Stjörnuvíg: Fyrstu kynni
00.30 Djöflaeyjan (e)
(Papillion)
Ein af frægustu kvikmyndum áttunda áratugarins. Steve MacQueen og Dustin Hoffmann leika tvo ólíka menn sem dæmdir hafa verið til ævilangrar þrælkunar í fanganýlendu. Örlagasaga um vináttu og harða lífsbaráttu og síðast en ekki síst, ævintýralegan flótta. *Aðalhlutverk: Dustin Hoffman, Steve McQueen og Victor Jory.*
03.00 Ástarbál (e)
(Pyrates)
Hér segir af ljósmyndaranum Ara og sellóleikaranum Samönthu en þau kveikja heitar ástríður hvort í öðru. Þegar þau fallast í faðma í heitum ástarbríma, læsa neistarnir sig í nánasta umhverfi og engar varúðarráðstafanir duga til að afstýra eldsvoða. *Aðalhlutverk: Kevin Bacon, Kyra Sedgwick og Bruce Martyn Payne.*
04.35 Dagskrárlok

LAUGARDAGUR 17.OKTÓBER.1998

09.00 Með afa
09.50 Sögustund með Janosch
10.20 Dagbókin hans Dúa
10.45 Mollý
11.10 Chris og Cross
11.35 Ævintýraheimur Enid Blyton
12.00 Beint í mark
12.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
12.45 NBA Molar
13.10 Skáldatími (2:12) (e)
13.45 Enski Boltinn
15.50 Á ystu nöf (e)
16.45 Oprah Winfrey
17.40 60 mínútur (e)
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
20.05 Vinir (11:24)
20.35 Seinfeld
21.10 Dýrlingurinn
(The Saint)
23.15 Basquiat
01.05 Dísirnar sjö (e)
(Seven Beauties)
Dísirnar sjö er sjöunda mynd kvikmyndaleikstjórans Linu Wertmuller. Hér segir af kvennabósa í seinni heimsstyrjöldinni. Hann upplifir miklar hörmungar í stríðinu en þá lær-ir hann að komast af. Þetta er sterk saga sem lætur engan ósnortinn.
Aðalhlutverk: Fernando Rey, Giancarlo Giannini og Shirley Stoler.
03.05 Villtar stelpur (e)
(Bad Girls)
Óvenjulegur vestri með úrvalsleikurum. Hér segir frá fjórum réttlausum konum í Villta vestrinu. Þær hafa engan til að tala máli sínu og engan til að treysta á nema hver aðra. Þær gerast útlagar, ríða um héruð og verja sig með vopnum eins og harðsvíruðustu karlmenn. *Aðalhlutverk: Madeleine Stowe, Mary Stuart Masterson, Drew Barrymore og Andy Macdowell.*
04.45 Dagskrárlok

SUNNUDAGUR 18.OKTÓBER.1998

09.00 Í erilborg
09.25 Brúmmi
09.30 Hagamúsin og húsamúsin
09.55 Timon, Púmba og félagar
10.15 Andrés Önd og gengið
10.40 Urmull
11.05 Unglingsárin (1:13) (e)
11.30 Nancy
11.55 Húsið á sléttunni (22:22)
13.00 Íþróttir á sunnudegi
15.30 Perlur Austurlands (7:7) (e)
15.55 Lois og Clark (20:22) (e)
16.40 Lili
18.00 Fornbókabúðin (e)
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
20.05 Ástir og átök (10:25)
20.35 Heima (3:12)
Sigmundur Ernir heimsækir leikarahjónin landsþekktu, Brynju Benediktsdóttur og Erling Gíslason, í Þingholtin.
21.10 Saga hefðarkonu
(The Portrait of a Lady)
Isabel Archer er á undan sinni samtíð og storkar ríkjandi gildum samfélagsins. Hún fer í ferðalag um Evrópu og lendir þar í klónum á Madame Merle og Gilbert Osmond sem ákveða að hagnast á þessari ungu saklausu konu. Myndin er gerð eftir meistaraverki rithöfundarins Henrys James.
Aðalhlutverk: John Malkovich, Nicole Kidman og Barbara Hersey.
22.55 60 mínútur
23.45 Frelsinginn (e)
(Freejack)
Árið 1991 lenti ökuþórinn Alex Furlong í óhappi á kappakstursbrautinni og rankaði ekki við sér aftur fyrr en 18 árum síðar! *Aðalhlutverk: Emilio Estevez, Rene Russo og Mick Jagger.*
01.35 Dagskrárlok

MÁNUDAGUR 19.OKTÓBER.1998

13.00 Hótel Ritz (e)
14.30 Á báðum áttum (16:17) (e)
15.15 Grateful Dead (1:2)
Fyrri hluti tónleikamyndar með Jerry Garcia og félögum í Grateful Dead.
16.00 Köngulóarmaðurinn
16.25 Bangsímon
16.50 Lukku-Láki
17.15 Glæstar vonir
17.40 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Nágrannar
19.00 19>20
20.05 Að hætti Sigga Hall (12:12)
20.40 Svartnætti
Atvinnulaus og heldur ráðvilltur leikari ákveður að setja upp leikverkið Hamlet í afskekktum enskum smábæ og fær til liðs við sig sundurleitan og skrautlegan hóp heimamanna. Ljúf gamanmynd að hætti Breta. *Aðalhlutverk: Richard Briers, Michael Maloney, Mark Hadfield og Nicholas Farrell.*
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Ensku mörkin
23.40 Hótel Ritz (e)
01.10 Dagskrárlok

ÞRIÐJUDAGUR 20.OKTÓBER.1998

13.00 Chicago-sjúkrahúsið (5:26)
13.45 Elskan ég minnkaði börnin
14.30 Handlaginn heimilisfaðir
14.55 Að hætti Sigga Hall (8:12) (e)
15.25 Rýnirinn (11:23) (e)
15.50 Spegill, spegill
16.15 Bangsímon
16.35 Kolli káti
17.00 Simpson-fjölskyldan
17.20 Glæstar vonir
17.45 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Nágrannar
19.00 19>20
20.05 Bæjarbragur (12:15)
20.35 Handlaginn heimilisfaðir
22.00 Fóstbræður (e)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Kaldi Luke (e)
00.55 Dagskrárlok

MIÐVIKUDAGUR 14.OKTÓBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 Gillette sportpakkinn
18.00 Hálandaleikarnir (e)
Sýnt frá aflraunakeppni sem haldin var á Ísafirði sl. sumar.
18.30 Taumlaus tónlist
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Golfmót í Bandaríkjunum
20.00 Mannaveiðar (13:26)
21.00 Þegar hvalirnir komu
(When the whales came)
Paul Scofield er hér í hlutverki einsetumanns sem býr á eyjunni Bryher. Helsta ástríða hans í lífinu eru fuglar en einsetumanninum er lítið um aðra menn gefið þar til tvö ungmenni verða á vegi hans. *Í öðrum helstu hlutverkum eru Helen Mirren og Helen Pearce.*
22.40 Geimfarar (15:21)
23.25 Karlmennið
Ljósblá Playboy-mynd.
00.55 Í ljósaskiptunum (e)
01.20 Dagskrárlok og skjáleikur

FIMMTUDAGUR 15.OKTÓBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 Taumlaus tónlist
17.40 Hálandaleikarnir (e)
Sýnt frá aflraunakeppni sem haldin var í Keflavík sl. sumar.
18.15 Ofurhugar (e)
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Walker (e)
20.00 Kaupahéðnar (5:26)
21.00 Frú Soffel
(Mrs. Soffel)
Dramatísk ástarsaga. Sögusviðið er Pittsburgh í Bandaríkjunum um aldamótin síðustu. Kate er gift fangaverðinum Peter Soffel. Hún verður ástfangin af Ed Biddle, dæmdum morðingja sem situr á bak við lás og slá. Kate er tilbúin að fórna öllu fyrir ástina. Ed og Jack, bróðir hans, íhuga flótta úr fangelsinu og treysta á Kate og aðstoð hennar. *Aðalhlutverk: Diane Keaton, Mel Gibson, Matthew Modine, Edward Herrmann og Trini Alvarado.*
22.50 Jerry Springer (1:20)
(The Jerry Springer Show)
Jerry Springer er þáttastjórnandi sem lætur sér ekkert mannlegt óviðkomandi. Sumum þykir hann ósvífinn og ófyrirleitinn en nú verður hver að dæma fyrir sig. Þátturinn er einn sá vinsælasti í Bandaríkjunum um þessar mundir.
23.35 Allt í pati
(Canadian Bacon)
Gamanmynd um forseta Bandaríkjanna og vandræði hans. Kosningar eru fram undan og stuðningsmenn forsetans óttast að hann verði ekki endurkjörinn. Nú þarf að finna leið til að auka vinsældir hans en það er hægara sagt en gert. Bandaríkjamenn eiga ekki í neinum teljandi útistöðum við aðrar þjóðir og það er slæmt mál! En ráðgjafar forsetans deyja ekki ráðalausir. Þeim hugkvæmist að koma á ófriði við Kanadamenn en hvort það verður forsetanum til framdráttar er óvíst. *Aðalhlutverk: John Candy, Rhea Perlman, Alan Alda, Bill Nunn, Kevin J. O'Connor og Kevin Pollak.*
01.05 Í ljósaskiptunum (e)
01.30 Dagskrárlok og skjáleikur

FÖSTUDAGUR 16.OKTÓBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 Taumlaus tónlist
17.45 Hálandaleikarnir (e)
Sýnt frá aflraunakeppni sem haldin var í Hafnarfirði sl. sumar.
18.15 Heimsfótbolti með Western Union
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Fótbolti um víða veröld
19.30 Yfirskilvitleg fyrirbæri (13:22)
20.30 Beint í mark
Nýjustu fréttirnar úr enska boltanum. Spáð er í viðureignir helgarinnar og knattspyrnuáhugafólk tippar á leikina.
21.00 Í gíslingu
(Ransom)
Bresk spennumynd um baráttu lögreglunnar við hryðjuverkahópa. Breskum sendiherra á Norðurlöndunum er haldið í gíslingu. Mannræningjarnir krefjast lausnar fyrir sex félaga sína úr fangelsi á Englandi. Jafnframt heimta þeir bifreið og flugvél til að komast undan. Lögreglan á úr vöndu að ráða því mannræningjarnir eru til alls vísir. Og ekki batnar ástandið þegar annar hópur hryðjuverkamanna rænir Boeing-vél á nærliggjandi flugvelli. *Aðalhlutverk: Sean Connery, Ian McShane, Norman Bristow og Isabel Dean.*
22.35 Zardoz
(Zardoz)
Óvenjuleg ævintýra- og spennumynd um samfélag fólks árið 2290. Þrjú hundruð árum áður tók hópur manna þá ákvörðun að haga lífsstíl sínum þannig að til fyrirmyndar væri. Afkomendurnir reyndu að fylgja dæmi forfeðranna en nú er svo komið að fyrirmyndarríkið stendur vart undir nafni. Átök eru fram undan og nú eru málin útkljáð með vopnum. *Aðalhlutverk: Sean Connery, Charlotte Rampling og Sara Kestelman.*
00.15 Í ljósaskiptunum (e)
00.40 Sáttmálinn
(Covenant)
Sjónvarpsmynd um auðuga fjölskyldu sem á sér mörg óhugnanleg leyndarmál úr fortíðinni. Fjölskyldufaðirinn Victor Noble starfaði áður sem sérlegur ráðgjafi Adolfs Hitlers og byggði síðar upp fjármálaveldi sitt með stolnum peningum. Eiginkona hans, hin fagra Dana Noble, gefur manni sínum lítt eftir og er jafn útsmogin. *Aðalhlutverk: Jane Badler, Charles Frank og Kevin Conroy.*
01.50 Dagskrárlok og skjáleikur

LAUGARDAGUR 17.OKTÓBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Star Trek (e)
18.00 Jerry Springer (2:20)
19.00 Kung fu - Goðsögnin lifir (e)
20.00 Herkúles (21:24)
21.00 Heitt í kolunum
(Red Heat)
Ivan Danko er enginn venjulegur lögreglumaður. Hann beitir öllum brögðum til að ná árangri og hefur leyst fleiri mál en nokkur annar í morðdeildinni í Moskvu. Art Ridzik er ekkert síðri lögga. Hann er kappsamur en gengur stundum of langt. Því verður samt ekki á móti mælt að hann er einn af betri lögreglumönnum í Chicago. Nú þurfa þessar tvær löggur að vinna saman en það gengur ekki þrautarlaust. Mennirnir eru frá ólíkum heimum og samstarfið virðist dauðadæmt. *Aðalhlutverk: Arnold Schwarzenegger, James Belushi, Peter Boyle, Ed O'Ross og Larry Fishburne.*
22.50 Box með Bubba
00.10 Myrkur hugur 2
Erótísk spennumynd.
01.40 Dagskrárlok og skjáleikur

SUNNUDAGUR 18.OKTÓBER 1998

****** Skjáleikur**
14.45 Enski boltinn
Bein útsending frá leik Coventry City og Sheffield Wednesday í ensku úrvalsdeildinni.
16.50 Ameríski fótboltinn
17.50 19. holan (19:29)
18.25 Ítalski boltinn
Bein útsending frá leik Inter og Lazio í ítölsku 1. deildinni.
20.15 Ítölsku mörkin
20.35 Golfmót í Bandaríkjunum
21.30 Bréf til þriggja kvenna
(A Letter To Three Wives)
Þrjár vinkonur leggja af stað í siglingu. Þeim berst bréf frá sameiginlegri vinkonu, en í því stendur að hún sé tekin saman við eiginmann einnar þeirra. *Aðalhlutverk: Loni Anderson, Michele Lee og Stephanie Zimbalist.*
23.00 Evrópska smekkleysan (5:6)
23.25 Glaumgosinn
(Pic-up Artist)
00.45 Dagskrárlok og skjáleikur

MÁNUDAGUR 19.OKTÓBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 Taumlaus tónlist
17.45 Ensku mörkin
18.40 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.55 Enski boltinn
Útsending frá leik Leicester City og Tottenham Hotspur.
20.50 Trufluð tilvera (5:33)
21.20 Spilaborgin
(House Of Cards)
23.10 Á ofsahraða
(Planet Speed)
23.35 Ráðgátur
00.20 Fótbolti um víða veröld
00.45 Í ljósaskiptunum (e)
01.10 Dagskrárlok og skjáleikur

ÞRIÐJUDAGUR 20.OKTÓBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 Dýrlingurinn
18.15 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Ofurhugar
19.00 Knattspyrna í Asíu
20.00 Brellumeistarinn (14:22)
21.00 Kvennaljómi
(Ladykillers)
Bresk gamanmynd eins og þær gerast bestar. Hópur smábófa leggur á ráðin um hinn fullkomna glæp. Skúrkarnir hafa aðsetur í húsi hjá gamalli og virðulegri konu, frú Louisu Wilberforce.
22.30 Enski boltinn
23.25 Glæpasaga
00.15 Í ljósaskiptunum (e)
00.40 Dagskrárlok og skjáleikur

Netfang ritstjórnar
bb@snerpa.is

KAUP & SALA
ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Ósk a eftir **húsgögnum** og þvottavél, helst gefins eða fyrir lítinn pening. Upplýsingar í síma 456 7551.

Til sölu er nýlegt, svart **leðursófasett** (3+1+1). Upplýsingar í síma 456 4448 eftir kl. 15.

Til sölu er Pioneer **geislaspilari** í bíl. Upplýsingar í síma 861 4849.

Átján ára stelpa **óskar eftir vinnu** með skóla í vetur. Allt kemur til greina. Upplýsingar í síma 456 4175.

Ósk a eftir karlkyns **kanínu**, helst gefins eða fyrir lítið. Upplýsingar gefur Ágúst í síma 456 7484.

Til sölu er lítið notaður **kerruvagn**. Upplýsingar í síma 456 3518.

Til sölu er hjónarúm, tvö náttborð, rúmteppi og tvö veggljós. Selst á kr. 20 þús. Einnig er til sölu IKEA **hægindastóll** með skemli á kr. 18 þús. og Goldstar **myndbandstæki** á kr. 18 þús. Uppl. í síma 456 7377.

Félagsmiðstöðin Tópas í Bolungarvík óskar eftir að kaupa eða fá gefins húsgögn, t.d. hornsófa, sófasett og fleira. Nánari uppl. eru í símum 456 7487 eða 456 7413.

Ósk a eftir að kaupa tvö rúm fyrir fullorðna, helst fyrir lítinn pening. Á sama stað óskast matarborð og sex stólar. Upplýsingar í símum 456 5359 og 456 4365 eftir kl. 14:30.

Ósk a eftir að kaupa **naglad ekk** 155x80 13". Upplýsingar í síma 456 4028.

Til sölu er **Daihatsu Cuore**, gangfær en kælikerfi þarfnast viðgerðar. Upplýsingar gefur Einar Pétur í símum 456 3441 eða 552 1995.

Til sölu er 200 ltr. Philips **frystikista**. Verð kr. 15 þús. Uppl. í síma 456 3484.

Ósk a eftir **barnarúmi.** Upplýsingar í símum 456 5107 eða 861 1407.

Til sölu er ódýr Singer **saumavél**. Upplýsingar í síma 456 7270.

Lítill **svefnsófi** fæst á 10 þús. Uppl. í síma 456 7173.

KFÍ óskar eftir þvottavél, sófasetti, sófaborði og leirtaui, helst gefins eða fyrir lítinn pening. Uppl. í símum 892 4351 eða 456 4272.

Til sölu er **Nintendo 64** með tveimur leikjum. Uppl. í síma 895 7291.

Tilboð óskast í húseignina að Hjallavegi 4 á Ísafirði. Gott hús á góðum stað. Mjög gott útsýni. Upplýsingar gefa Guðmundur eða Þorgerður í síma 456 3107.

Áttu Subaru árg. 1985-1991? Þá á ég **varahluti** í hann. Upplýsingar gefur Magnús Jóh. í símum 456 3095 og 456 3905.

Naggrís fæst gefins ásamt búri. Upplýsingar í síma 456 7564.

Til sölu er Winchester haglabyssa. Uppl. í síma 456 4137 og 898 8828.

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra

Stuðningsfjölskylda

Ég er 14 ára drengur með fötlun og mig vantar góða fjölskyldu til að dveljast hjá tvo sólarhringa, eina helgi í mánuði.

Allar nánari upplýsingar veita Hrefna eða Sigurveig á Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Mjallargötu 1, sími 456 5224.



Horfur á miðvikudag:
Allhvöss norðvestan átt með éljum norðanlands en hægari og úrkomulítið sunnan til. Vægt frost um land allt.
Horfur á fimmtudag:
Hæg norðvestlæg eða breytileg átt og víða bjart veður, en strekkingur og dálítil él norðaustan lands. Áfram vægt frost.
Á föstudag, laugardag og sunnudag:
Hæg norðlæg átt eða breytileg átt og sums staðar smáél. Áfram svalt í veðri.

FRUMMYND - VÍDEÓHÖLLIN
við Norðurveg, sími 456 4853
Opið mánudaga - laugardaga
frá kl. 13:00-23:30,
og sunnudaga kl. 14:00-23:30

Mánudagstilboð

Ein ný spóla og ein gömul + óvæntur glaðningur á kr. 400.-

Þriðjudagstilboð

Tvær nýjar spólur á kr. 400.-

Tónlistarmyndbönd
Geisladiskar
Mikið úrval!
Persónuleg þjónusta!

SÖLUAÐILI GERVIHNATTA-BÚNAÐAR FRUM-MYND VIÐ NORÐURVEG SÍMI 456 4853

BASIL
Hafnarstræti 14, sími 456 5210

Nýkomnir Skechers skór.
Full búð af nýjum skóm.
Ath! 20% afsláttur af
öllum skóm út þessa viku

TINDA-STÓLL
Föstudaginn
16. október kl. 20.00
íþróttahúsinu Torfnesi

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

TINDA-STÓLL
Föstudaginn
16. október kl. 20.00
íþróttahúsinu Torfnesi

Hjálparsveit skáta og karla- og kvennadeildir Slysavarnafélagsins á Ísafirði sameinast um kaup á húsnæði

Hjálparsveit skáta og karladeild Slysavarnafélagsins sameinast

Á sunnudag kynntu Hjálparsveit skáta á Ísafirði og karla- og kvennadeildir Slysavarnafélags Íslands á Ísafirði, nýtt húsnæði sem félögin hafa keypt sameiginlega undir starfsemi sína. Hið nýja húsnæði er að Sindragötu 6 á Ísafirði og er þar um að ræða eignarhluta sem keyptir voru af Byggðastofnun, Fjárfestingabanka atvinnulífsins, Arnari G. Hinrikssyni hdl., Landsbanka Íslands og Gunnvöru hf., alls um 867m² á tveimur hæðum.

Með kaupunum stækkar húsnæði félaganna um nær helming. Um 210m² af hinu nýja húsnæði er þegar tilbúið til notkunar en annað er í fokheldu ástandi. Skipuð hefur verið sérstök byggingarnefnd sem sjá mun um lokafrágang á þeim hluta húsnæðisins sem ekki er tilbúinn og standa vonir til að hægt verði að taka þann hluta í notkun næsta vor. Eftir að allt húsnæðið verður tilbúið til notkunar, mun öll aðstaða félaganna batna til muna sem og leiða til aukinnar hagræðingar í rekstri. Fyrirhugað er að tækjageymsla félaganna verði á neðri hæð húsnæðisins en á þeirri efri verður stór salur, eldhús, stjórnstöð vegna björgunaraðgerða og ýmis önnur aðstaða fyrir félögin og félagsmenn.

Á sunnudag var einnig skrifað undir samstarfssamning milli Hjálparsveitar skáta, sem er meðlimur í Landsbjörgu, og karladeildar Slysavarnafélags Íslands á Ísafirði, sem er meðlimur í Slysavarnafélagi Íslands, og mun hann gilda þar til félögin verða sameinuð formlega á næsta ári. Í samningnum er kveðið á um að félögin muni beita sér fyrir stofnun nýs björgunarfélags á Ísafirði sem muni taka á leigu öll tæki, áhöld, vélar og fasteignir sem nú eru í eigu félaganna tveggja. Hinu nýja félagi er einnig ætlað að taka yfir samning karladeildarinnar við Slysavarnafélag Íslands um rekstur björgunarskipsins Gunnars Friðrikssonar, og er ráðgert að rekstur hans verði óbreyttur.

Þá mun hið nýja félag hafa yfirumsjón með unglingadeild Slysavarnafélagsins á Ísafirði. Í samningnum er einnig kveðið á um að þegar allri undirbúningsvinnu sé lokið og að afstaða landssamtakanna til þeirra mála sem fyrir þeim liggja sé ljós, verði félögin sameinuð og að það muni verða eigi síðar en 31. ágúst á næsta ári. Þetta mun vera í fyrsta skipti sem félög, sem ekki eru aðilar að sömu landssamtökum, ganga skrefið til fulls og sameinast. Í frétt frá félögunum segir að það sé vel við hæfi að nýtt húsnæði skuli verða formlega tekið í notkun á næsta ári sem og að félögin sameinist, því þá eru liðin 70 ár frá stofnun slysavarnadeildar á Ísafirði og 65 ár frá stofnun kvennadeildar Slysavarnafélags Íslands á Ísafirði auk þess sem hálf öld er liðin frá stofnun fyrri björgunarsveitar slysavarnadeildarinnar á Ísafirði. Þess verður minnst sérstaklega á næsta ári.

Hið nýja húsnæði Hjálparsveitar skáta á Ísafirði og karla- og kvennadeildar Slysavarnafélags Íslands á Ísafirði er að Sindragötu 6.

Hermann Hermannsson og Ragnar Kristinsson undirrita samstarfssamning milli Hjálparsveitar skáta og karladeildar Slysavarnafélags Íslands, en hann mun leiða til sameiningar sveitanna á næsta ári.

OPIÐ
ALLT ÁRIÐ
GISTING
VEITINGAR
BENSÍNSALA
GÓÐ AÐSTAÐA FYRIR FUNDI OG ÁRSHÁTÍÐIR
Verið velkomin!
FERÐAÞJÓNUSTAN REYKJANESI
Sími 456 4844 - Fax 456 4845



Það er eitthvað fyndið í loftinu!
Frum-mynd Vídeóhöllin
Þar sem úrvalið er!

Íslenskir útvegsmenn buðu landsmönnum um borð í nokkur skip á sunnudag þar sem skip og vinnsla voru kynnt. Meðal þeirra skipa sem voru til sýnis var Júlíus Geirmundsson.

Íslenskir útvegsmenn

Boðið um borð

Íslenskir útvegsmenn buðu landsmenn velkomna um borð í nokkur skip á sunnudag og var tilgangurinn að gefa fólki kost á að kynna sér skipin og vinnslu af eigin raun. Meðal þeirra skipa sem voru til sýnis var Júlíus Geirmundsson ÍS 270 sem var í Ísafjarðarhöfn. Þar kynntu Hafrannsóknastofnun, Póls hf. og björgunarsveitir einnig starfsemi sína auk þess sem gestum var boðið upp á veitingar.

1978-1998
San Francisco
Kanaríeyjar
1978-1998
Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

Það er eitthvað fyndið í loftinu.


Einu sinni var... 1985


Þorir þú aftur?
Poki af fílum fylgir hverri vídeóspólu!
HAMRABORG
Sími: 456 3166